


# - LÖGREGLU - MAÐURINN

2. tbl - 2007

- LÖGREGLU -
# MAÐURINN
2. tölublað - 23. árgangur 2007 - 60. blað



Ritstjóri:
Steinar Adolfsson



Ábyrgðarmaður:
Sveinn I. Magnússon
formaður LL



Starfsmenn LL:

Steinar Adolfsson
framkvæmdasjóri



Stefanía Vigfúsdóttir
skrifstofustjóri

Prófork:
Atli Steinn Guðmundsson

Forsíðumynd:
Ljósmynd: Júlíus Sigurjónsson

Lögreglumaðurinn
er gefinn út af Landssambandi
lögreglumanna

Netfang ll@bsrb.is

www.ll.bsrb.is



## Efnisyfirlit








Um vitnavernd
- hvað er bak við tjaldið? 5

Verkefnamiðuð löggæsla 8

Nýtt og glæsilegt sumarhús
- LL að Geysi í Haukadal 11

Sumarferð
- lífeyrisþegadeildar LL árið 2007 12

Taser rafbyssa
- valdbeitingartæki lögreglu 14

Sjóðir
- Landssambands lögreglumanna 16

Að styðja við félagann
- á erfiðum tímum 22

Íþróttir 24

Stuttfréttir 30

## Efni til birtingar í Lögreglumanninum

- Skrifið stuttar greinar „það er skoðun undirritaðs"
- Ekki lengra en um 3.000 slög.
- Forðist skammstafanir
- Sendið gjarnan með myndir, stafrænar myndir eiga að vera í jpg formati.
- Vinsamlega látið fylgja með stöður, nafn, fastanúmer ef um lögreglumenn er að ræða, vinnustað, heimili og GSM númer sem hægt er að ná í viðkomandi.
- Ritstjóri fer í gegnum allt aðsent efni. Að þeirri vinnu lokinni fær sendandi að vita hvort efnið birtist í blaðinu eða ekki.
- Samþykkt efni verður ritstýrt á þann hátt að það passi við efnið sem ætlast er til að birtist í blaðinu.
- Leyfi til birtingar efnis úr blaðinu er einungs leyft sé þess getið hvaðan það er fengið.

# Formannshornið



*Þekking lögreglumanna og reynsla til að sinna erfiðum og krefjandi málum er lykillinn að því að þau verkefni sem berast lögreglu hljóti eðlilegan og réttan framgang. Mannauðurinn er lögreglunni allt.*
*Með breytingum á lögreglulögum sem tóku gildi um áramótin var jafnframt sett það markmið að fjölga fagmenntuðum lögreglumönnum. Það var skoðun LL að þróunin þyrfti að vera á þann veg sökum breyttrar samfélagsmyndar, sem gerir auknar kröfur til lögreglu, ný verkefni blasa við okkur og æ meiri þörf verður fyrir aukna sérþekkingu. Slík samfélagsþróun kallar á frekari nýliðun fagmenntaðra lögreglumanna.*
*Þessi metnaðarfullu markmið eru nú í uppnámi vegna brotthvarfs fagmenntaðra lögreglumanna úr starfi. Tölurnar tala sínu máli, fleiri lögreglumenn hafa hætt störfum á þessu ári en nokkru sinni fyrr. Hlutfall ófaglærðra afleysingamanna í lögreglu er orðið allt of hátt, en um leið felur það að hluta til hinn raunverulega vanda, skort á fagmenntuðum lögreglumönnum.*
*Þessi þróun mála er óásættanleg og ekki sértækt áhyggjuefni lögreglunnar heldur alls almennings, sem á rétt á því að í lögreglunni sé hæft fagfólk að störfum sem kann til verka, geti brugðist rétt við þegar fólk á allt sitt undir, enda starfið vandasamara en svo að því verði með öruggum hætti sinnt af öðrum en þeim sem hlotið hafa til þess menntun og þjálfun.*
*Mikil reynsla hefur glatast með þeim lögreglumönnum sem nú þegar hafa horfið frá störfum. Ástæðu uppsagnanna má að stærstum hluta rekja til lágra launa og álags í starfi.*
*LL hefur átt fundi, bæði með fulltrúum ráðuneyta dómsmála og fjármála þar sem við höfum lýst áhyggjum af þróun þessara mála og viljað leita leiða til þess að koma í veg fyrir frekara brotthvarf lögreglumanna úr starfi.*
*Það er krafa okkar að stjórnvöld bregðist við með því að leiðrétta laun lögreglumanna þegar í stað.*

***Sveinn I. Magnússon,***
***formaður***

# Ritstjórapistill



*Starfsumhverfi lögreglumanna er afar krefjandi og nauðsynlegt er huga í sífellu að leiðum til úrbóta. Með lögfestingu refsihækkunar þegar um brot er að ræða sem beinist gegn handhöfum lögregluvalds, felast mikilsverð skilaboð löggjafarvaldsins um hversu alvarleg slíkt athæfi er. Fróðlegt verður að rannsaka dómsúrlausnir í framhaldinu en gera verður þá kröfu að dómar þyngist til samræmis við vilja löggjafans en að öðrum kosti næst ekki markmið breytinganna sem var fyrst og fremst bæting á starfsumhverfi lögreglumanna.*
*Mikilsvert skref hefur einnig verið tekið í átt til bætts starfsumhverfis með því að taka upp módel þar sem félagastuðningur er í forgrunni. Næstir fjölskyldumeðliðum er sjálfsagt enginn betri heldur en vinnufélagarnir til að merkja breytingar á hegðun félaga í starfi. Vissulega miðast þetta fyrst og fremst við úrvinnslu vegna alvarlegra atburða sem lögreglumenn upplifa í starfinu en auðvelt er að útfæra þessar hugmyndir á þann veg að unnt sé að ná einnig til þeirra lögreglumanna sem búa við uppsafnaða streitu. Mikilvægt er að þessu verði vel tekið af starfsmönnum og vil ég nota þetta tækifæri til að hvetja alla lögreglumenn til að kynna sér vel þessar hugmyndir.*

***Steinar Adolfsson.***

vodafone
HB GRANDI
PARKET & GÓLF
GEVALIA
Það er kaffið



*Vitnavernd er efni sem lítið hefur verið rætt hin síðari misseri. Þessi grein fjallar um nokkrar hliðar þessa máls og mögulegar úrbætur. Vitnavernd er nokkuð sem setið hefur á hakanum í okkar réttarkerfi og undanfarið hafa sífellt fleiri raddir heyrst sem kallað hafa á úrbætur réttarfarslaga á þá lund að réttindi vitna og brotaþola verði bætt og að þeirra hags sé betur gætt í réttarvörslukerfinu.*

# Um vitnavernd

## *-hvað er bak við tjaldið?*




### Vitni

Vitni eru ein af mörgum undirstöðum réttarvörslukerfisins og án vitna myndu fæst mál komast á dómstig og jafnvel aldrei verða rannsökuð af lögreglu. Þess vegna er sá tími kominn að löggjafinn þarf að endurskoða réttindi vitna. Við örlitla söguskoðun kemur í ljós að miklar úrbætur hafa orðið á réttindum grunaðra og var ekki vanþörf á. Þau réttarfarslög sem unnið er eftir nú til dags tóku á þeim álitamálum og færðu til betri vegar þá annmarka sem sneru að kerfinu fyrir um 15 árum. En svo er nú komið að farið er að bera á aukinni tregðu vitna til að sinna skyldum sínum, þeim sem vitnum eru settar í réttarfarslögum. En hvaða skyldur eru það sem við leggjum á vitni?

### Skyldur vitna

Í stuttu máli sagt er það siðferðisleg skylda hvers og eins að bera vitni í þeim tilvikum þar sem hvers konar refsivert brot hefur átt sér stað. En siðferðislega skyldan er ekki sú eina því það er einnig lagaleg skylda að vitni skuli segja frá öllu sem viðkomandi veit um sakamálið og er það flestum ljóst. Vitni er einnig gert skylt að segja satt og rétt frá og geta þau bakað sér refsiábyrgð með því að skýra vísvitandi rangt frá.

### Brotalamir

Ef einhver lendir í þeirri aðstöðu að verða vitni að sakhæfum atburði er það skýrt að mikil ábyrgð liggur á vitnum að rækja skyldu sína við samfélagið, bæði siðferðislega sem lagalega. En hvernig aðstoðar samfélagið vitni og hvernig kemur hið opinbera til móts við þá sem þurfa og vilja sinna vitnaskyldum?
Engin skýr svör liggja á reiðum höndum og eflaust eru til jafnmörg dæmi þar sem vel hefur til tekist og þar sem illa hefur til tekist, bæði fyrir sakborning sem og vitni. Að þessu sögðu er rétt að skoða þær leiðir sem standa til boða þegar skoðað er í hverju vitnavernd felst.

### Vitnavernd

Þegar orðið vitnavernd er nefnt hugsa flestir um einstakling sem verður vitni að meiri háttar glæp og er hótað af grunuðum eftir viðræður við lögreglu. Hægt væri að úthluta nýrri kennitölu, flytja einstaklinginn



***Þórir Ingvarsson, rannsóknarlögreglumaður hjá lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins.***



*Nafnleynd vitna er erfið og viðkvæm umræða því að grundvallarréttur sakbornings er að vita hvert sakarefnið er, sem og hver það er sem vitni gegn viðkomandi. Alger nafnleynd hlýtur því að teljast fjarlæg en gæti mögulega átt rétt á sér í alvarlegri málunum ef ströngum skilyrðum væri fullnægt.*

og fjölskyldu hans út á land og mundu þau hefja nýtt líf, mögulega með starfi í fiskvinnslu undir nýju nafni. Þessi „Hollywoodleið" gagnast ekki í samfélagi eins og því sem við búum í þó að þessi leið sé farin í erlendum milljónasamfélögum. Þá þarf að skoða aðrar leiðir sem henta betur. Vitnavernd er svo miklu meira og í raun litlar aðgerðir sem stuðla að því að auka öryggi og ekki síður öryggistilfinningu þeirra borgara sem bera vitni í sakamálum. Nokkur atriði sem gagnast jafn-vel má hér nefna.

Nafnleynd vitna er erfið og viðkvæm umræða því að grundvallarréttur sakbornings er að vita hvert sakarefnið er, sem og hver það er sem vitni gegn viðkomandi. Alger nafnleynd hlýtur því að teljast fjarlæg en gæti mögulega átt rétt á sér í alvarlegri málunum ef ströngum skilyrðum væri fullnægt. Grein sem þessi er hins vegar of stutt til að fjalla um slík jaðartilvik. Mögulegt væri hins vegar að beita nafnleynd fram að dómtöku máls. Myndi þetta leysa mörg vandamál sem komið hafa upp þar sem brotaþolar og vitni hafa dregið vitnisburði sína til baka vegna þrýstings sakbornings. Þá kæmist sakborningur ekki að nafni vitna fyrr en til málsmeðferðar fyrir dómi kæmi.

Mörgum er það ekki ljóst að sakborningar geta oft haft aðgang að vitnaskýrslum gegnum verjanda og er því hægðarleikur fyrir þá að komast í samband við vitnin. Þá væri hægt að sjá fyrir sér að sú einfalda aðgerð yrði tekin upp að ef vitni lýsti yfir áhyggjum sínum af mögulegum hótunum væri hægt að afmá nánar persónuupplýsingar úr vitnaskýrslum, til dæmis kennitölu, heimilisfang og símanúmer.

## Myndbandsupptaka

Yfirheyrslur vitna og sakborninga með aðstoð myndbandsupptöku eiga sér ekki langa sögu á Íslandi og hefur í raun verið vannýtt aðferð til upplýsingaöflunar. Sagt er að fólk tjái sig með líkamanum að tveimur þriðju og verður það ekki rengt hér, frekar en annað. En það liggur hins vegar fyrir að framburður vitnis gefinn með aðstoð myndbandsupptöku er mun ítarlegri en þegar um hefðbundna vitnaskýrslu er að ræða, þar sem rannsakari ritar upp eftir vitni. Enda vill svo verða að upptakan miðast ekki aðeins við þær upplýsingar sem rannsóknari telur mikilvægastar heldur öllu því sem vitnið telur að málinu sé viðkomandi.

Það væri fyrirtak ef sá möguleiki væri nýttur oftar að taka skýrslur af mikilvægum vitnum í alvarlegum sakamálum á myndband sem nýta mætti við málsmeðferð og fækka þannig þeim vitnum sem tekin eru fyrir dóm. Hér má auðvitað færa þau rök að verjanda gæfist ekki færi á að gagnspyrja vitni.

Það er undir dómara komið að stýra vitnaleiðslum og það er í hans verkahring að láta spyrja vitnið sem og að stýra þeim spurningum sem fram koma, að þær séu ekki særandi, meiðandi, móðgangi eða sýnilega tilgangslausar. Þarna mætti athuga hvort dómari geti ákveðið hvort fyrirliggjandi vitnisburður sé nægur eða hvort spyrja þyrfti vitni frekar. Í þeim tilvikum gætu verið tveir möguleikar, annars vegar að kalla vitni fyrir á venjubundinn hátt eða hins vegar að teknar yrðu saman spurningar sem við ættu [af dómara, sækjanda og verjanda] og þeim komið til yfirheyrанda og hann látinn spyrja. Hér væri yfirheyrandi eins konar milliliður við vitni.

## Vitnisburður í heimahúsi?

Það liggur ljóst fyrir að ein af ástæðum þess að kæra er ekki lögð fram í ofbeldismálum, og þá sérstaklega kynferðisbrotamálum, er sú að kærandi treystir sér ekki til þess að hitta sakborning. Brotaþoli tekur því þann kostinn að leggja ekki fram kæru þar sem viðkomandi telur sig ekki geta farið gegnum slíkt ferli. Vitnisburður gegnum fjarfundabúnað væri leið þar sem vitni fengju möguleika á því að bera vitni án þess að hitta geranda. Hér mætti hugsa sér að einungis dómari sæi vitnið en aðrir heyrðu í því. Þannig fengi dómurinn góð tengsl við vitnið en samt þannig að

frávik frá venjulegum vitnaleiðslum yrði sem minnst. Vitnið yrði þá staðsett, hvort sem heldur, á öðrum stað í dómshúsinu eða á stað að eigin vali. Slíkur búnaður gæti einnig boðið upp á að dómari, verjendur og saksóknari sæu vitnið, en sakborningur sæi vitnið með andlit hulið og brenglaða rödd. Tæknilegar útfærslur eru ótalmargar en einfaldari leiðir eru mögulegar, til dæmis að nota tjöld til að skýla vitni í dómsalnum, í einföldustu málum.

**Málsaðilum vikið úr réttarsal**

Meginreglan er sú að réttarhöld eru opin almenningi hér á landi nema dómari ákveði annað. Þau tilvik sem hafa kallað á lokuð þinghöld eru viðkvæmari mál. Þetta er til mikilla hagsbóta fyrir vitni til dæmis í kynferðisafbrotamálum. Hér er einnig sá möguleiki fyrir hendi að víkja sakborningi úr réttarsal en eins og staðan er nú til dags hefur sakborningur almennan rétt til að vera viðstaddur þinghöld. Návist sakbornings getur haft truflandi áhrif á þau vitni sem fyrir dóminn koma, sérstaklega ef grunur leikur á að sakborningur hafi reynt að hafa áhrif á vitnin. Einnig má nefna að við dómsyfirheyrslur yfir börnum hefur skapast sú regla að sakborningur sé ekki viðstaddur en við og við hafa sakborningar farið fram á að vera viðstaddir og getur það eðlilega haft truflandi áhrif á vitnaleiðslurnar.

**Gagnspurningar sakbornings**

Nú kann það að hljóma furðulega að það þurfi að taka það sérstaklega fram að vitni og brotaþolar séu ekki gagnspurð af sakborningi, en komið getur upp sú staða að sakborningur hafi afsalað sér rétti sínum til verjanda og kjósi að verja sig sjálfur. Slíkt er að sjálfsögðu ekki algengt í meiri háttar sakamálum en samt sem áður er ástæða til að forðast slíkt. Sjá má í hendi sér hversu slæmt það væri að einstaklingur sem ákærður væri fyrir nauðgun myndi sjálfur spyrja brotaþola um ákæruatriði.

**Spurningar um fyrri kynlífshegðan**

Samkvæmt réttarfarslögum er það dómari sem stýrir vitnaleiðslum en verjandi og saksóknari fá einnig tækifæri til að koma spurningum að. Eitt af þeim atriðum sem fórnarlömb kynferðisofbeldis eru sérstaklega óttaslegin við þegar kemur að réttarhaldi er sú staðreynd að oft er reynt að verja mál með þeim rökum að kynferðisleg hegðun brotaþola hafi verið vafasöm fram að þessu. Að sjálfsögðu væri þetta bann ekki undantekningalaust þar sem kynferðisleg hegðun fórnarlambs gæti skipt töluverðu máli fyrir úrlausn málsins en hér væri æskilegt að frekar þyrfti að sýna fram á réttmæti spurningar áður en hún væri lögð fram enda myndi dómari samþykkja hana eða hafna.

Hér að ofan hafa verið nefndar nokkrar af þeim hugmyndum sem komið hafa upp en margar þeirra hafa verið fengnar að láni úr bresku réttarkerfi sem nýlega hefur gert umtalsverðar úrbætur á aðstöðu vitna við réttarhöld. Við þessa samantekt kemur svo í ljós að margt þess sem nefnt er, ef til vill það sem yrði mest notað, þyrfti ekki lagabreytinganna við. Hins vegar er því svo farið að réttarvernd heiðvirðra borgara hefur verið skert í hag brotamanna. Vissulega má ekki gleyma að kominn var tími á endurskoðun þeirra þátta einnig. En nú er fullvíst að tími sé kominn til að lögð verði vinna í að fara yfir þá vitnavernd sem í boði er og lög dagsins í dag heimila og gerðar verði tillögur til úrbóta.

Nú er einmitt færi á að koma slíkum endurbótum að, því að einmitt nú stendur yfir vinna við að semja nýja löggjöf, lög um meðferð sakamála, sem leysa á af hólmi rúmlega 15 ára gamla löggjöf. Margt hefur breyst á 15 árum, ekki satt?


Ítarefni:
http://www.homeoffice.gov.uk
http://www.victimsupport.org.uk/
http://www.crimereduction.gov.uk/
http://en.wikipedia.org/wiki/Witness_Protection_Program
http://people.howstuffworks.com/witness-protection.htm
http://indianapolis.fbi.gov/pgvictimwitness.htm
http://www.cjsonline.gov.uk/witness/


***Þórir Ingvarsson***

*Eitt af þeim atriðum sem fórnarlömb kynferðisofbeldis eru sérstaklega óttaslegin við þegar kemur að réttarhaldi er sú staðreynd að oft er reynt að verja mál með þeim rökum að kynferðisleg hegðun brotaþola hafi verið vafasöm fram að þessu.*





# Verkefnamiðuð löggæsla



Pétur Berg Matthíasson er stjórnmála- og stjórnsýslufræðingur

*Kjarni aðferðafræðinnar er að draga úr afbrotum með forvarnarstarfi sem felst í því að koma í veg fyrir að aðstæður til afbrota séu til staðar.*

**Dómsmálaráðherra kynnti löggæsluáætlun 2007-2011 í maí síðastliðnum. Í löggæsluáætlun kemur fram að það sé markmið lögreglunnar að allir lögreglumenn öðlist þekkingu og hæfni til að beita aðferðum verkefnamiðaðrar löggæslu (VML) við störf sín. Lagt er til að lögreglan starfi eftir hugmyndafræði VML og beiti verkfærinu þegar greining hefur sýnt fram á að í samfélaginu sé langvarandi ástand sem hefðbundnar löggæsluaðferðir hafa ekki náð utan um. Lögreglunni er ætlað visst hlutverk í forvarnarstarfi sem á að leiða til fækkunar afbrota. Með innleiðingu VML er ætlun lögreglu að draga úr langvarandi vandamálum í samfélaginu sem draga úr lífsgæðum íbúa.**

Nú eru liðin rúm tvö ár síðan starfshópur um verkefnamiðaða löggæslu (VML) eða Problem Oriented Policing (POP) fór um landið til að kynna lögreglumönnum VML aðferðafræðina. Starfshópurinn hélt fundi í öllum landsfjórðungum vorið 2005 og má segja að niðurstöður hópsins hafi verið þær að lögreglumenn hafi tekið vel í hugmyndafræði VML þó vissulega hafi orðið málefnaleg umræða um ákveðna þætti er varðar notagildi og fyrirkomulag.

Starfshópurinn kom fram með tillögur haustið 2005 um útfærslur að næstu skrefum sem m.a. fólu í sér að nokkur frumkvöðlaembætti myndu vinna eftir aðferðum VML svo að unnt væri að mæla árangur af starfi og verkþáttum. Fjögur frumkvöðlaembætti unnu að verkefnum sem skilgreind voru sem VML frá janúar á þessu ári til loka maí.

Megintilgangur þessarar greinar er að kynna í stuttu máli aðferðafræði VML, að fara yfir sögulega þróun þess og upplýsa um verkefnavinnu frumkvöðlaembætta.



## VML-aðferðafræði

Verkefnamiðuð löggæsla leitast við að komast að orsökum afbrota eða vandamála og takast á við þær en einskorða sig ekki við afleiðingar. Þau mál sem verða tilefni afskipta lögreglu eru oft afleiðingar annars og víðtækari vanda. Orsökin verður gjarnan ljós ef mál eru skoðuð í víðu samhengi.
VML felur að sumu leyti í sér nýtt verklag sem eykur líkur á lausn vandamála, er fyrirbyggjandi í eðli sínu, er ekki háð úrræðum réttarvörslukerfisins eingöngu og virkjar aðrar opinberar stofnanir, samfélagið og einkageirann. Aðkoma annarra getur haft veruleg áhrif til þess að draga úr vandamálum eða leysa þau. Aðferðafræðin hentar þó ekki vel til allra löggæsluverkefna. Þar ræður mestu eðli vandamálsins og tíðni þess enda tilgangslaust að beita verkefnamiðuðum aðferðum á tilviljanakennd verkefni sem orsakast af ólíkum þáttum. VML aðferðafræðin felur í sér virkt eftirlit og árangursmat þar sem stuðst er við markvissa skráningu og úrvinnslu upplýsinga.
Verkefnamiðuð löggæsla er viðbót við aðrar aðferðir sem notaðar eru við löggæslu, hún þarf ekki að auka álag á lögregluna þar sem úrlausn vandamála getur dregið úr afbrotum og verkefnum þegar litið er til lengri tíma. Kjarni aðferðafræðinnar er að draga úr afbrotum með forvarnarstarfi sem felst í því að koma í veg fyrir að aðstæður til afbrota séu til staðar.
Hugmyndafræði verkefnamiðaðrar löggæslu byggir á SARA-greiningarferlinu sem víða er notað við útfærslu VML. SARA (Scanning, Analysis, Response og Assessment) byggir m.a. á greiningu á vandamáli, leit að aðilum um samstarf og þróun viðbragðsáætlunar þar sem markmið og mælikvarðar koma skýrt fram. Þegar búið er að ákveða að vinna áfram með verkefni á könnunarstigi er það sett upp í ákveðinn feril eða verklag sem hjálpar til við áframhaldandi úrvinnslu þess:

**Könnun (Scanning):**
**Hvað vitum við um vandamálið?**
**Greining (Analysis):**
**Hvernig getum við brugðist við því?**
**Viðbrögð (Response):**
**Útfærsla þeirra viðbragða sem verða fyrir valinu.**
**Mat (Assessment):**
**Mat á árangri af aðgerðinni.**

SARA líkanið leysir ekki vandamálið eitt og sér – það er eins konar tæki sem aðstoðað getur við skipulagningu verkefna (ramma inn verkefnið), aðstoðað við að leiða lögregluna í gegnum þá ferla sem rannsóknir og reynsla hefur sýnt að skili árangri þegar átt er við langvarandi endurtekin vandamál.

## Þróun VML 2005-2007

Eins og áður hefur komið fram þá skilaði starfshópur skýrslu haustið 2005 með tillögum að næstu skrefum. Á sama tíma var unnin úttekt á því hvernig lögreglan og borgaryfirvöld í Edinborg hafa háttað þessari vinnu en margar borgir og lögreglulið á Bretlandi vinna mjög náið saman og þá oft undir formerkjunum verkefnamiðuð samvinna.
Í apríl 2006 leitaði embætti ríkislögreglustjóra eftir þátttöku frumkvöðlaembætta til að aðstoða við innleiðingu á VML. Var markmiðið að innleiða hugmyndafræði og verklag í samstarfi við þau embætti sem lýstu áhuga á þátttöku. Verkefnavinnan hófst eins og áður segir í byrjun janúar á þessu ári og lauk í lok maí.



*Verkefnamiðuð löggæsla leitast við að komast að orsökum afbrota eða vandamála og takast á við þær en einskorða sig ekki við afleiðingar. Þau mál sem verða tilefni afskipta lögreglu eru oft afleiðingar annars og víðtækari vanda. Orsökin verður gjarnan ljós ef mál eru skoðuð í víðu samhengi.*



Sumarið 2006 var unnið að gerð handbókar fyrir lögregluna um verklag VML en hún byggir að mestu á erlendri fyrirmynd um lausn vandamála. Handbókin hefur einnig að geyma upplýsingar um úrvinnslu gagna og framsetningu. Þann þátt mun þurfa að efla meðal lögreglumanna svo að lögreglukerfið (LÖKE) geti nýst sem stjórntæki við greiningu á vandamálum og afbrotum í framtíðinni. Rafræn eyðublöð voru búin til í þeim tilgangi að aðstoða frumkvöðlaembætti við skráningu og úrvinnslu verkefna. Eyðublöðin líkt og handbókin eru drög og hafa lögreglumenn sem tóku þátt í VML verkefnum frumkvöðlaembætta komið með ábendingar og tillögur um þróun þeirra.
Öll frumkvöðlaembætti voru heimsótt á tímabilinu nóvember 2006 til janúar 2007 og afhent eintak af handbókinni, auk þess sem farið var yfir rafrænu eyðublöðin sem nota á við skráningu verkefna. VML námskeið var haldið fyrir stjórnendur í framhaldsnámi og fulltrúa VML frumkvöðlaembætta við lögregluskólann í desember 2006 og stóð það yfir í tvo og hálfan dag. Nemendur í grunnnámi við lögregluskólann og þeir sem útskrifuðust í desember 2006 hafa einnig fengið kynningu á VML. Nemendur í grunnnámi lögregluskólans sem hófu nám í september 2007 munu taka þátt í samstarfsverkefni lögregluskóla á Norðurlöndum byggt á VML aðferðafræðinni.

## Frumkvöðlaembætti og næstu skref

Embætti ríkislögreglustjóra mun byggja ákvörðun sína um framhald VML meðal lögregluliða á tveimur meginþáttum: Í fyrsta lagi með mati á útfærslu, vinnuframlagi og árangri frumkvöðlaembætta. Í öðru lagi með því að kanna viðhorf lögreglumanna og samstarfsaðila sem lögreglan hefur starfað með á verkefnatímanum.
Segja má að annað stig af þremur í áætlun um innleiðingu á VML hafi lokið í byrjun júní 2007. Í kjölfarið verður tekin ákvörðun um hvernig innleiða eigi verkefnamiðaða löggæslu í öll lögregluumdæmin. Verið er að ljúka við skýrslu þar sem niðurstöður verkefnavinnu frumkvöðlaembætta koma fram ásamt tillögum að næstu skrefum. Við ákvörðun um innleiðingu þarf að taka tillit til þátta eins og kostnaðar, frekari þróunar á kennslugögnum fyrir lögregluskólann, handbækur, námskeið og uppsetningu rafrænna eyðublaða á innra neti lögreglunnar svo eitthvað sé nefnt.
Aðferðir VML geta reynst lögregluembættum vel í framtíðinni, sérstaklega í ljósi þess að úrvinnsla, þróun mælikvarða, markmið, mat og fleira, sem VML byggir á, tengist þáttum í árangursstjórnun. Embætti ríkislögreglustjóra hefur gert árangursstjórnunarsamning við dómsmálaráðuneytið til fjögurra ára. Með undirskrift samningsins munu þættir sem hér að ofan voru nefndir fá aukið vægi í stjórnun embætta. Í kjölfarið verða árangursstjórnunarsamningar gerðir milli embættis ríkislögreglustjóra og lögregluembættanna þar sem áhersla verður lögð á mælanlegan árangur við löggæslustörf.

***Pétur Berg Matthíasson er stjórnmála- og stjórnsýslufræðingur og starfar á stjórnsýslusviði embættis ríkislögreglustjóra. Pétur lærði stjórnmálafræði við Háskóla Íslands og stjórnsýslufræði við Strathclyde háskólann í Glasgow. Eftir nám í Glasgow starfaði Pétur í yfir tvö ár hjá borgaryfirvöldum í Edinborg við verkefnamiðaða samvinnu.***

KAUPÞING





# Nýtt og glæsilegt sumarhús *LL að Geysi í Haukadal*

*Þann 29. júlí sl. var lokið við byggingu nýs og glæsilegs orlofshúss LL að Geysi í Haukadal í Biskupstungum. Bústaðurinn er um 130 fermetrar og á neðri hæð, sem er um 78 fermetrar, er eldhús, stofa, baðherbergi og þrjú svefnherbergi. Efri hæðin er um 56 fermetra svefnloft, sem er frekar lágt undir loft að hluta til en þar eru tvö rúm, tvíbreiður svefnsófi og sex aukadýnur. Heitur pottur er á stórri verönd og leiktæki fyrir börn á lóðinni.*



Ákvörðun um byggingu/kaup bústaðarins var tekin á haustmánuðum og formlegheitunum, svo sem undirritun kaupsamnings og fjármögnun, var lokið í febrúarmánuði og hófust þá framkvæmdir. Fyrirhugað var að bústaðurinn yrði tilbúinn 9. júní og til útleigu frá 22. sama mánaðar, en ætlunin var að nota tímann á milli til lokafrágangs lóðar og til að koma innbúinu á sinn stað. Því miður stóðust þessi tímamörk ekki og því varð að fresta útleigu til 29. júní. Þetta var mjög miður en fyrsti leigjandinn sýndi okkur mikinn skilning og vonast LL til að fá tækifæri til að bæta viðkomandi þetta upp á næsta ári. Eftir er að ganga frá örfáum lausum endum sem fyrst og fremst eru tilkomnir vegna tafa á afhendingu vara, s.s. leiktækjanna og svefnsófans.

Bústaðurinn er hinn glæsilegasti og þeir félagsmenn sem hafa dvalið þar, er þetta er skrifað, hafa verið hæstánægðir. Eftir er að finna nafn á bústaðinn og eru félagsmenn beðnir um að koma með tillögur að nafngift og óskast þær sendar á netfang LL: ll@bsrb.is.





*Hópurinn saman kominn við Djúpalónssand.*



*Hugleiðsla í Ingjaldshóls-kirkju.*

# Sumarferð

## lífeyrisþegadeildar LL árið 2007



*Þorgrímur Guðmundsson og Steinn Karlsson hvíla lúin bein og spjalla við Þorstein Jónsson og Jóhannes Sturla.*



*„Hafið kallar“*



*Jóhannes Sturla Guðjónsson kannar stöðu mála í kirkjugarðinum á Ingjaldshóli.*

**Þann 28. júní sl. var farin hin árlega sumarferð lífeyrisþegadeildar LL og að þessu sinni var farið um Snæfellsnes. Fullbókað var í ferðina og í aðdraganda hennar voru alls 12 manns á biðlista. Það fór svo að lokum að vegna forfalla tókst að tæma biðlistann og allir sem vildu og áttu kost á að fara komust með í ferðina.**

Það voru 67 ferðalangar sem lögðu af stað frá lögreglustöðinni við Hverfisgötu og haldið var sem leið liggur út úr bænum og stefnan tekin á Vesturlandið. Veður var yndislegt, sól í heiði og logn. Þórunn Lárusdóttir hélt uppi stemmningunni af alkunnri snilld til að byrja með og kynnti fyrir fólki það helsta sem fyrir augu bar á leiðinni. Stoppað var í Borgarnesi þar sem fólk fékk sér smávegis hressingu og síðan var keyrt áfram vestur á Snæfellsnesið. Ekið var um Vatnleið og stoppað í Grundarfirði þar sem margir ferðalanganna fengu sér ís sem var afar svalandi enda steikjandi hiti. Eftir um hálftíma stopp var keyrt áfram til Ólafsvíkur þar sem snæddur var hádegisverður á Hótel Ólafsvík. Þar var boðið upp á súpu og salat í forrétt og plokkfisk í aðalrétt. Góður rómur var gerður að matnum og sérstaklega fiskinum sem þótti algert gómsæti.
Í Ólafsvík kom til liðs við hópinn fararstjórinn Sæmundur Kristjánsson eða Sæmundur í Rifi eins og hann er nefndur í daglegu tali fólks á Nesinu. Hann er afar fróður um sögu Nessins og þekkir nánast hverja þúfu með nafni. Að loknum matnum var keyrt um Ólafsvík og Rif og síðan var fyrsta stopp í Ingjaldshólskirkju þar sem Sæmundur kynnti hópnum sögu staðarins. Haldið var svo áfram og stöðvað í Djúpalóni þar sem gengið var niður í fjöru og dásemdir staðarins skoðaðar. Þar fræddi Sæmundur okkur um sjóslys og veðrabrigði sem og um ýmsa hluti úr sögunni sem tengjast staðnum. Þá var næst ekið sem leið lá að Laugarbrekku þar sem Sæmundur fór í gegnum sögu Guðrúnar Þorbjarnardóttur, móður Snorra Þorfinnssonar, sem var fyrsta norræna barnið í Vesturheimi. Að þessu loknu var Hellnakirkja skoðuð og síðan keyrt niður að Arnarstapa og hafnaraðstaðan skoðuð sem og annað sem fyrir augun bar.



*Þrír góðir í ís-stoppinu í Grundarfirði - Magnús Einarsson, Gísli Guðmundsson varðstjóri og Adolf Steinsson.*

Þegar hér var komið sögu var tíminn að hlaupa frá okkur enda fyrirhugað að borða kvöldmat á veitingastaðnum Paradís í Munaðarnesi. Eflaust hefði hópurinn getað skoðað ýmislegt fleira á Nesinu en það verður að bíða betri tíma. Sæmundur fór síðan úr rútunni við Fróðárheiðina vestanmegin og var honum þökkuð leiðsögnin með dúndrandi lófataki. Þá tók Þórunn við stjórninni á nýjan leik og fyllti fólkið af fróðleik og skemmtisögum.
Um kl. 19:00 var síðan framreiddur þriggja rétta kvöldverður í Paradís sem var afbragðsgóður. Þar hélt formaður lífeyrisþegadeildarinnar smá tölu og þakkaði undirbúningsnefndinni fyrir hennar starf og stjórn LL og starfsmönnum skrifstofunnar fyrir þeirra hlut í að gera þessa ferð að veruleika.
Ferðinni lauk svo um hálfellefuleytið við lögreglustöðina á Hverfisgötunni. Að mati undirritaðs tókst ferðin í alla staði vel og var það margt sem kom til. Veðrið var frábært, maturinn mjög góður og leiðsögnin sem við fengum var meiri háttar góð.

***Steinar Adolfsson***



*Áning við Djúpalónssand.*

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

## Reykjavík

Austursel ehf.
Höfðabakka 9
ÁF-hús ehf.
Stórhöfða 33
Backmann & Björgvinsson
Lögmannsstofa
Lágmúla 7
Barnalæknaþjónustan ehf.
Egilsgötu 3 Domus Med
Barnaverndarstofa
Borgartúni 21
Beyki ehf.
Tangarhöfða 11
Bifreiðabyggingar sf.
Tangarhöfða 5
Bifreiðastjórafélagið Frami
Fellsmúla 24-26
Bifreiðastjórafélagið Sleipnir
Mörkinni 6
Bílaleigan AKA ehf.
Vagnhöfða 25
Bílasmiðurinn hf.
Bíldshöfða 16
Bílaverkstæði Jóns T. Harðarssonar
Bíldshöfða 18
Bílfang ehf
Malarhöfða 2
Bjálkahús ehf.
Krókhálsi 5a
Booztbar/Ísbar
Grandavegi 45
Borgarbókhald v/5735-5210-11209-
11209
Tjarnargötu 11
Borgarhöllin - Fossaleyni 1
Fossaleyni 1
Bortækni ehf
Vagnhöfða 19
Bráð ehf.
Síðumúla 8
Breki Jarðverk ehf.
Álakvísl 88
Brim hf.
Tryggvagata 11
Broadway-Arnol.net
Ármúla 9
Byggingafélag Gylfa og Gunnars hf.
Borgartúni 31
Celtic Cross á Íslandi ehf.
Pósthóld 399
DHL á Íslandi
Sundabakka 2
Dynjandi ehf.
Skeifunni 3h
E.T. Einar og Tryggvi ehf.
Klettagörðum 11
Ecco á Íslandi
Guðríðarstíg 6-8
Efling stéttarfélag
Sætúni 1
Efnalaugin Úðafoss sf.
Vitastíg 13
ERF ehf
Rauðagerði 39
Farmur ehf. Flutningaþjónusta
Flúðaseli 65
Fasteignafélagið Stoðir hf.
Kringlunni 8-12
Fasteignasalan Borgir ehf.
Ármúla 1
Faxaflóahafnir
Tryggvagötu 17
Feró ehf
Steinaseli 6
Félagsbústaðir hf.
Hallveigastíg 1
Fínka málningarverktakar ehf.
Norðurási 6
Fjölgreiðslumiðlun hf
Mörkinni 1
Frumkönnun ehf
Hæðargarði 14
G.B. Tjónaviðgerðir ehf.
Draghálsi 8
G.G. Flutningar ehf
Dugguvogi 2
Gagnaeyðing ehf.
Skútuvogi 13
Gallerí Fold
Rauðarárstíg 14
Gerpir ehf.
Laugavegi 22
Gjögur hf.
Kringlunni 7
Grant Thornton endurskoðun
Suðurlandsbraut 20
Grásteinn ehf.
Grímshaga 3
Guðmundur Jónasson ehf.
Borgartúni 34
Gunnar Eggertsson hf.
Sundagörðum 6
Happahúsið
Kringlunni 4-12
Happdrætti Háskóla Íslands
Tjarnargötu 4
Harley Davidson Íslandi ehf.
Grensásvegi 16
Hátækni ehf.
Ármúla 26
Heildverslunin Mót ehf.
Bíldshöfða 16
Heilsubrunnurinn ehf.
Kirkjuteigi 21
Henson Sports Europe á Íslandi hf.
Brautarholti 24
Herrahúsið Herrabúðin hf.
Laugavegi 47
Hertz bílaleiga
v/ Flugvallarveg
Héraðsdómur Reykjavíkur
Dómshúsinu v/ Lækjartorg
Hilmar Ingimundarson Hrl.
Austurstræti 10a
Hjólbarðaverkstæði Sigurjóns
Hátúni 2a
Hlað sf.
Bíldshöfða 12
Hótel Frón
Laugavegi 22
Hótel Leifur Eiríksson ehf.
Skólavörðustíg 45
Hótel Vík
Síðumúla 19
Höfðakaffi ehf.
Vagnhöfða 11
Innheimtustofnun
sveitarfélaga
Lágmúla 9, 2.hæð
ISS Ísland ehf.
Ármúla 40
Ísbúðin Fákafeni 9
Fákafeni 9
J. Eiríksson ehf.
Tangarhöfða 5
Jarðvélar ehf.
Síðumúla 28
Kaffi Paris
Austurstræti 4
Keiluhöllin ehf.
Pósthólf 8500
Kemis ehf.
Breiðhöfða 15, box 9351
Klúbburinn ehf
Stórhöfða 17
Knattspyrnusamband Íslands
Laugardal
KPMG hf.
Borgartúni 27
Kranaafgreiðslan hf.
Fiskislóð 79
Lagaþing sf Þorbjörg I. Jónsdóttir hrl.
Túngötu 14
Landhelgisgæsla Íslands
Seljavegi 32
Landssamband slökkviliðs- og sjúkra-
flutningamanna
Tjarnargötu 10
Langholtskjör
Langholtsvegi 176
Listasafnið Hótel Holt ehf.
Bergstaðastræti 37
Lögfræðistofa Þuríðar Halldórsdóttur hdl.
Hverfisgötu 105
Lögmannastofan Skipholti sf.
Bolholti 6
Lögmannsskrifstofan Fortis ehf.
Laugavegi 7
Lögmannsstofa Bjarna Haukssonar ehf.
Hátúni 6a
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
Hverfisgötu 115
Lögvörn ehf.
Hátúni 6a
Málarakompaníið ehf
Fornastekk 3
Nesradíó ehf.
Síðumúla 19
Neyðarlínan hf.
Skógarhlíð 14
Neyðarþjónustan lykla- og lásasmiður
Laugavegi 168
Nýi ökuskólinn ehf.
Klettagörðum 11
Olíudreifing ehf.
v/Kleppsmýrarvegi
Poulsen ehf.
Skeifan 2
Prikið
Bankastræti 12
Raförninn ehf.
Suðurhlíð 35
Ríkið myndbandaleiga
og söluturn
Snorrabraut 56
Ríkislögreglustjórinn
Skúlagötu 21
Rolf Johansen & co. ehf.
Skútuvogi 10a
Ræsir hf.
Krókkhálsi 11
S.Í.B.S.
Síðumúla 6
Samhugur ehf.
Langagerði 116
Securitas hf.
Síðumúla 23
Seðlabanki Íslands
Kalkofnsvegi 1
Sesarvídeó
Grensásvegi 14
Skorri ehf.
Bíldshöfða 12
Skýrr hf.
Ármúla 2
Sorpa
Gufunesi,
Spark ehf
Brautarholti 8
Spissar ehf.
Hverfisgötu 108
Sportbarinn ehf.
Álfheimum 74
Sportvörugerðin hf.
Skipholti 5
Steingrímur Þormóðsson hrl.
Nethyl 2
Stilling hf.
Kletthálsi 5
Suzuki bílar hf.
Skeifunni 17
Svarta kaffið - Kaffibaunin ehf.
Laugavegi 54
Sveinsbakarí ehf.
Arnarbakka 4-6
Talnakönnun
Borgartúni 23
Tollstjórinn í Reykjavík
Tryggvagötu 19 box 5029
Tollvarðafélag Íslands
Grettisgötu 89
TROCADERO
Suðurlandsbraut 12
Tryggingamiðstöðin
Aðalstræti 6-8
Utanríkisráðuneytið
Rauðarárstíg 25
Útlendingastofnun
Skógarhlíð 6
Varahlutaverslunin Kistufell ehf.
Brautarholti 16
Veiðihúsið Sakka ehf.
Hólmaslóð 4
Veitingahúsið Hornið
Hafnarstræti 15
Veltubær - Vinabær
Skipholti 33
Verslunin Skerjaver
Einarsnesi 36
Vesturröst ehf.
Laugavegi 178
Vélar og verkfæri ehf.
Skútuvogi 1c
Vélaver hf.
Krókhálsi 16
Vélsmiðja Einars
Guðbrandssonar
Funahöfða 14
Vélvík ehf.
Höfðabakka 1
Víkivaki
Barónsstíg 27
VR
Kringlunni 7
Þingvallaleið ehf.
Skógarhlíð 10
Þjóðgarðurinn Þingvöllum
Austurstræti 8-10
Þórtak ehf.
Brúnastöðum 73

## Seltjarnarnes

Bæjarins bezta ehf.
Bollagörðum 11
Seltjarnarneskaupstaður
Austurströnd 2
Vogar
Steinhreinsun ehf.
Aragerði 8

## Kópavogur

AFA JCDecaux Ísland
Vesturvör 30b
Arnarverk ehf
Kórsölum 5
Baltik ehf.
Smiðjuvegi 14
Bifreiðaverkstæði
Björns Pálmasonar
Smiðjuvegi 40 rauð gata
Bifreiðaverkstæðið Toppur
Skemmuvegi 34 Bleik gata
Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46 gul gata
Bílar og tjón
Skemmuvegi 44m
Bílasprautun og réttingar Auðuns
Nýbýlavegi 10
Bílaverkstæði Bubba sf.
Skemmuvegi 18blá
Bílaverkstæði Kjartans og Þorgeirs sf.
Smiðjuvegi 48 rauð
Bílaverkstæðið Skúffan ehf.
Smiðjuvegi 11e, græn
Bílaþvottastöðin Löður ehf.
Bæjarlind 2
Bíljöfur ehf.
Smiðjuvegi 34

TASER CAM™




**„Embætti ríkislögreglustjóra er með til skoðunar hvort æskilegt sé að lögreglumenn beri Tazer-raftæki. Skoðunin er á frumstigi en sérfróðir aðilar hjá embættinu eru að prófa tækin og afla sér upplýsingar um kosti þeirra og galla. Ljóst er að slík tæki verða ekki tekin til notkunar nema fyrir liggi mat lækna á mögulegum hættueiginleikum tækjanna. Þessi skoðun hefur verið sett af stað sem hluti af þeirri viðleitni ríkislögreglustjóra að leita allra mögulegra leiða til að bæta starfsumhverfi lögreglumanna.“**

**Páll Winkel, aðstoðarríkislögreglustjóri.**

# *Taser rafbyssa*

## – valdbeitingartæki lögreglu

*Afleiðingar tækisins hafa verið rannsakaðar ítarlega um árabil á og eru þau talin minniháttar og í langflestum tilvikum engin.*

**Undanfarið hefur verið nokkur umfjöllun í fjölmiðlum um Taser rafbyssur og því þótti rétt að gera nokkra grein fyrir hvernig tæki þetta er og hvernig það hefur verið notað af lögreglu.**

**Rétt er að taka fram að þessi tækni hefur verið þekkt í um þrjátíu ár, en samfara tækninýjungum hefur lögregla í auknum mæli tekið upp notkun tækisins. Mesta reynsla af notkun tækisins er hjá bandarískum löggæslustofnunum, en auk þess hafa ýmis lönd tekið tækið í sína þjónustu svo sem í Bretlandi og Kanada. Samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda tækisins er það nú notað af yfir 10.000 löggæslustofnunum í 45 löndum víðs vegar í heiminum.**

**Virkni tækisins**

Tækið er úbúið tveimur litlum pílum sem áfastar eru vír sem er tengdur gikknum. Pílunum er skotið í þann sem gera á óvirkan og síðan berst um vírinn rafspenna sem hefur þau áhrif á ósjálfráða taugakerfið að viðkomandi missir stjórnina á vöðvahreyfingum sínum. Rannsóknir hafa sýnt að tækið hefur ekki áhrif á sjálfvirka taugakerfið og hefur því t.d. ekki áhrif á hjartslátt eða blóðþrýsting. Nýlegar rannsóknir sýna jafnframt að notkun tækisins hefur ekki áhrif á þá sem bera hjarta-gangráð. Pílurnar verða að ná festu í fötunum eða í líkama til að búnaðurinn virki og hraði pílanna er allt að 46 m/sek. Rafspennan er gefin í púlsum sem vara 5 sekúndur og til að virkja hana á nýjan leik þarf að toga í gikkinn á ný. Notandinn getur einnig rofið spennuna þannig að púlsinn vari ekki fullar 5 sekúndur.

**Rafbyssan X26**

Nýjasta tækið á markaðnum er Taser X26 og var það kynnt fyrir fulltrúum ríkislögreglustjórans á dögunum. Tækið er mun léttari en eldri týpurnar og er útbúið með hágæða myndavél sem tekur upp atburðinn. Að auki er sérstakur hugbúnaður í tækinu sem skráir upplýsingar um notkunina hverju sinni s.s. dagsetningu, tíma og fjöldi púlsa. Rafspennan sem berst um vírinn er 50.000 volt en styrkur rafstraumsins er þó einungis 0.0021 amper, en til samanburðar er styrkur straums frá venjulegum 100 volta tengli inni á heimilum um




Mynd 2




Mynd 3

16 amper. (sjá mynd 3- samanburðarmyndin).
Tækið er útbúið laser-miði sem myndar rauðan depil á skotmarkinu og hefur það í einhverjum tilvikum leitt til þess að bráð hefur af þeim sem því er beint gegn. Önnur pílan hittir skotmarkið á þann stað sem depillinn er en hin litlu neðar. Tækið virkar á allan líkamann ólíkt því sem t.d gildir um piparúðann sem virkar einungis í andlit (sjá mynd 2-samanburðarmynd). Hægt að að nota mis-langdræg skothylki en algengasta drægnin eru 4-6 metrar. Langdrægasta hylkið dregur 10 metra.
Af hálfu framleiðanda er gerð krafa um tiltekna þjálfun væntanlegra notenda. Það er síðan á hendi hverrar löggæslustofnunar um sig að setja verklagsreglur um þjálfun og aðstæður sem heimila notkun tækisins.
Tækið hefur fyrst og fremst verið notað við þær aðstæður þar sem einstaklingar sýna ógnandi tilburði og neita að verða við fyrirmælum lögreglu um að láta af slíku. Þetta er í flestum tilvikum aðilar sem eru undir áhrifum áfengis eða fikniefna. Þá hefur það einnig verið notað gegn vopnuðum einstaklingum sem ógna lífi annarra eða hóta að svipta sjálfa sig lífi. Notagildi tækisins hefur fyrst og fremst verið í þá átt að hindra að lögreglumenn lendi í átökum við einstaklingana og hefur það dregið gríðarlega úr fjölda þeirra tilvika þar sem líkamsáverkar verða bæði á lögreglumönnunum sjálfum sem og hinum brotlega. Helstu áverkar sem einstaklingarnir hafa hlotið tengjast fallinu er viðkomandi dettur niður eftir að hafa fengið í sig rafspennuna. Líkur á því eru þó hverfandi. Líkamsáverkar geta einnig hlotist af pílunum sjálfum, t.d. ef píla hittir í auga en áverkar á búksvæði eru mjög litlir. Eftirfarandi viðbrögð lögreglu gagnvart þeim sem beittur er tækinu eru einnig viðfangsefni hverrar löggæslustofnunar til mótunar í verklagsreglum, t.d. hver fjarlægir pílurnar og um mögulega nauðsyn þess að færa viðkomandi til læknisskoðunar. Mjög ítarlegar opinberar tölfræðilegar upplýsingar eru til í Bandaríkjunum um fjölda tilvika þar sem tækinu hefur verið beitt, um árangur þess, um meiðsl lögreglumanna og hinna brotlegu svo eitthvað sé nefnt.
Afleiðingar tækisins hafa verið rannsakaðar ítarlega um árabil á og eru þau talin minniháttar og í langflestum tilvikum engin. Amnesty International hafa gert athugasemdir við notkun tækisins og telja það geta leitt til dauða þess sem er beittur því. Í ítarlegri breskri úttekt frá árinu 2002 er gerð grein fyrir reynslu lögreglunnar í Seattle vegna 108 tilvika þar sem tækinu var beitt og þá varð ekkert dauðsfall unnt að rekja til notkun tækisins ( 'Use of Force by Seattle Police Department Officers', SPD Special Report, November2001.)
Í grein sem birtist í Police Review á Bretlandi 3. ágúst sl. er ítarlegt viðtal við Sir Paul Scott-Lee, lögreglustjóra West Midlands lögreglunnar. Í viðtalinu kemur fram að hann telur Taser vera öruggasta og áhrifaríkasta valdbeitingartækið sem völ er á í dag. Tækið hafi nú þegar bjargað mannslífum og verndað lögreglumenn. Nú þegar eru 6.500 lögreglumenn á Bretlandi búnir Taser og er það vopnaði hluti lögreglunnar. Nú á fjölga þeim lögreglumönnum sem bera Taser og í gang er að fara tilraunaverkefni til eins árs þar sem almennir lögreglumenn í 12 lögregluumdæmum koma til með að bera tækin.

**Unnt er að fræðast frekar um Taser rafbyssuna á heimasíðu framleiðandans á vefslóðinni www.taser.com**

*Notagildi tækisins hefur fyrst og fremst verið í þá átt að hindra að lögreglumenn lendi í átökum við einstaklingana og hefur það dregið gríðarlega úr fjölda þeirra tilvika þar sem líkamsáverkar verða bæði á lögreglumönnunum sjálfum sem og hinum brotlega.*



# Sjóðir Landssamba

*Eitt af grundvallarhlutverkum LL er að berjast fyrir bættum kjörum félag sjóða félagsins þar sem félagsmönnum eru tryggð ákveðin réttindi.*









**Starfsmenntunarsjóður**
Tilgangur sjóðsins er að stuðla að bættri verkkunnáttu og aukinni hæfni lögreglumanna í starfi með styrkjum vegna kostnaðar við slíka menntun. Þá hefur sjóðurinn það markmið að sýna frumkvæði að aukinni almennri starfstengdri menntun til starfsstéttarinnar. Í stjórn sjóðsins eru Óskar Sigurpálsson, Eiríkur Tómasson, Jónatan Guðnason, Hrafn Árnason, Guðjón St. Garðarsson og Inga Birna Erlingsdóttir og fastir fundartímar eru annar mánudagur í hverjum mánuði, en fundarhlé er í tvo mánuði yfir sumartímann eða í júlí og ágúst.

**Orlofssjóður**
Mikilvægur þáttur í starfi LL er rekstur og útleiga orlofshúsa og íbúða á vegum orlofssjóðs. LL á tvær íbúðir, aðra í Reykjavík og hina á Akureyri. Auk þess er LL með sumarbústaði á fimm stöðum á landinu, tvo í Borgarfirði, einn á Eiðum, einbýlishús á Felli í Biskupstungum og hinn nýja og glæsilega bústað á Geysissvæðinu en nánari umfjöllun um hann er á öðrum stað í blaðinu.
Orlofssjóður hefur boðið upp á afsláttarmiða hjá Iceland Express sem mikil ásókn hefur verið í og gistimiða á Hótel Eddu og Foss Hótel sem staðsett eru víðs vegar um landið. Þá býður sjóðurinn upp á miða í Hvalfjarðargöng á afsláttarverði.
Stjórn sjóðsins er skipuð þeim Kristni Sigurðssyni, Berglindi Eyjólfsdóttur, Dóru Hlín Ingólfsdóttur og Heiðari B. Jónssyni. Sjóðsstjórn kemur saman eftir þörfum en hittist þó að lágmarki fjórum sinnum á ári.

**Líknar- og hjálparsjóður**
Sjóðurinn hefur það hlutverk að veita aðilum í þjóðfélaginu sem eiga um sárt að binda fjárhagsaðstoð án endurgreiðslu en jafnframt er heimilt að styrkja samtök eða hópa í líknarskyni.
Fjárveiting til sjóðsins er ákveðin af reglulegu þingi LL en einnig aflar sjóðsstjórn fjármuna með sölu ýmiss konar varnings, s.s. jólakorta og búningamerkja. Þá renna til sjóðsins fjármunir vegna minningarkorta sem fólk kýs að senda ástvinum á sorgarstundum.
Sjóðsstjórn er skipuð þeim Geir Jóni Þórissyni, Gissuri Guðmundssyni og Óskari Sigurpálssyni og kemur hún saman eftir þörfum.

**Styrktar- og sjúkrasjóður**
Sjóðurinn greiðir bætur til sjóðfélaga í slysa- og veikindatilfellum eða við dauðsfall samkvæmt starfsreglum sem settar hafa verið. Um mjög mikilsverð réttindi er að ræða og til kynningar fyrir félagsmenn eru hér birtar úthlutunarreglur sjóðsins.
Sjóðsstjórn er skipuð þeim Sveini I. Magnússyni, Kristjáni Inga Kristjánssyni og Jóni Þóri Leifssyni og kemur hún saman u.þ.b. mánaðarlega.

**Úthlutunarreglur styrktar- og sjúkrasjóðs:**
Sjóðurinn greiðir bætur til sjóðfélaga í slysa- og veikindatilfellum eða við dauðsfall eftir því sem nánar er mælt fyrir í reglum þessum.
Rétt til bóta eða styrks úr sjóðnum eiga þeir sem eru fullgildir félagsmenn í LL og njóta veikindaréttar samkv. gr. 2.2.1 í samkomulagi BSRB um veikindarétt. Félagsmenn lífeyrisþegadeilar LL eiga aðeins rétt á greiðslu skv. lið nr. 9.

**Dagpeningar greiðast úr sjóðnum með eftirfarandi hætti:**
Dagpeningar greiðast frá þeim tíma sem samningsbundinni launagreiðslu ríkissjóðs eða þriðja aðila, sem greiðir sjóðfélaga laun í stað atvinnurekanda t.d.



# nds lögreglumanna

*gsmanna. Sú viðleitni endurspeglast m.a. í eflingu*

vátryggingafélags, lýkur og veikindin hafa staðið í minnst 10 daga fram yfir áunninn veikindarétt.
Upphæð dagpeninga skal vera 80% af meðal heildarlaunum, greiddum af ríkissjóði, síðustu 12 mánuði áður en veikindi hófust. Sé starfstími sjóðfélaga skemmri skal miða við meðallaun hans frá því hann hóf störf.
Heimilt er að greiða hlutfallslega dagpeninga ef sjóðsfélagi getur ekki vegna veikinda unnið fulla vinnu samkvæmt læknisráði.
Heimilt er að greiða dagpeninga í allt að 60 daga vegna langvarandi veikinda maka eða barna sjóðfélaga enda missi hann launatekjur vegna þeirra. Sjóðfélagi skal þó hafa náð eins árs félagsaðild til að njóta þessarar heimildar.





# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Bílstál ehf
Askalind 3
Bílvogur ehf.
Auðbrekku 17
Bláfugl
Hlíðasmára 15
Blikkás - Funi ehf.
Smiðjuvegi 74
Blikksmiðja Einars ehf.
Smiðjuvegi 4b græn gata
Borgarvirki ehf.
Hjallabrekku 22
Bremsan
Smiðjuvegi 20 græn gata
BSA Varahlutir ehf.
Smiðjuvegi 4a
Cafe Adesso
Smáralind
DATEK-ÍSLAND ehf.
Smiðjuvegi 50
DK Hugbúnaður
Hlíðasmára 17
Dráttarbílaþjónustan Krókur ehf
Dalvegi 24
Egill Vilhjálmsson ehf.
Bröttutungu 9
Flugkerfi
Hlíðasmára 10
Gistiheimilið BB 44
Borgarholtsbraut 44
Gistihúsið Víkingur
Furuhjalla 10
Hafið - Fiskiprinsinn
Hlíðasmára 8
Hefilverk sf.
Jörfalind 20
Hemill
Skemmuvegi 12 blá
Íslandsspil sf.
Smiðjuvegi 11a
Íslenskir undirverktakar ehf
Álfhólsvegi 29
Ísnes ehf
Hamraborg 5
Íssel ehf
Smáratorgi
Jarðkraftur ehf.
Akralind 2
Jón og Salvar ehf
Smiðjuvegi 44
KB ráðgjöf
Hlíðasmára 17
Kjarnagluggar sf.
Skemmuvegi 46
Knastás hf.
Skemmuvegi 4 blá gata
Kríunes ehf.
Kríunesi v. Elliðavatn
Köfunarþjónusta Árna Kópssonar
Hafnarbraut 10
Körfuberg ehf.
Kleifakór 1a
Landvélar ehf.
Smiðjuvegi 66 rauð
Partasalan
Skemmuvegi 30 bleik gata
Radio-Raf
Smiðjuvegi 52
Rafmiðlun ehf.
Ögurhvarf 8
Rafport ehf.
Nýbýlavegi 14
Rafvirkni ehf.
Akralind 9
Reynir bakari ehf.
Dalvegi 4
Réttingaverkstæði Jóa ehf.
Dalvegi 16a
Réttir bílar ehf
Vesturvör 24
Ræstingaþjónustan sf.
Smiðjuvegi 62
S. Guðjónsson ehf

Auðbrekku 9-11
Sendibílastöð Kópavogs hf.
Skemmuvegi 50 brún
Sérverk ehf.
Askalind 5
Smári söluturn
Dalvegi 16c
Smurstöðin Stórahjalla ehf.
Stórahjalla 2
Steinsmiðjan S. Helgason ehf.
Skemmuvegi 48, brún gata
Uppdæling ehf.
Bakkabraut 2
Verkfræðistofa Snorra
Ingimarssonar ehf.
Hamraborg 11
Vélaleiga Auberts
Hlíðarhjalli 7
Vélsmiðjan Hamar ehf
Hafnarbraut 13
Vídd ehf.
Bæjarlind 4
VS Verk - byggingafélag ehf.
Dalbrekku 6
www.mannval.is
Pósthólf 484

## Garðabær

10-11/Hraðkaup
Lyngási 17
ASICS
Austurhrauni 3
Dráttarbílar
Skeiðarási 4
Dýralækningastofan
Garðabæ
Lyngási 18
Elektra ehf.
Lyngási 11
G.H. Guðmundssynir ehf.
Marargrund 3
Garðabær
Garðatorgi 7
Hafnasandur hf.
Birkiás 36
IKEA - Miklatorg hf.
Kauptúni 4
Ísafoldarprentsmiðja ehf.
Suðurhrauni 1
Loftorka ehf.
Miðhrauni 10
Miklir menn ehf
Hrísholti 13
Würth á Íslandi hf.
Vesturhrauni 5

## Hafnarfjörður

ALCAN á Íslandi hf.
Straumsvík
Alexander Ólafsson ehf.
Grandatröð 2
Áttan, snókerbar
Trönuhrauni 10
Barkasuða Guðmundar ehf.
Hvaleyrarbraut 27
Bílaleigan Atlas Europcar
Hjallahrauni 9
Bónusvideo ehf.
Lækjargötu 2
Eiríkur og Einar Valur ehf.
Breiðvangur 4
Feðgar ehf. - Byggingaverktakar
Brekkutröð 1
Fínpússning ehf.
Rauðhellu 13
Fjarðargrjót ehf.
Furuhlíð 4
Fjarðarkaup ehf.
Hólshrauni 1
Fura málmendurvinnslan ehf.
Hringhellu 3 box 491

G.P. Kranar ehf
Skútahrauni 2a
Hagtak hf.
Fjarðargötu 13-15
Heildverslunin Donna ehf.
Háahvammi 16
Héraðsdómur Reykjaness
Fjarðargötu 9
Holtanesti
Melabraut 11
Icetransport ehf.
Gjótuhrauni 4
Íslandsprent ehf
Steinhellu 10
Ís-rör ehf.
Hringhella 12
Jeppahlutir 4X4 ehf.
Íshellu 4

## Keflavík

Klettur, verktakar
Pósthólf 200
Kvikmyndahúsið ehf.
Trönuhrauni 1
Lipurð ehf.
Hjallahrauni 4
Lögmenn Hafnarfirði ehf.
Reykjavíkurvegi 60
Rafgeymasalan ehf.
Dalshrauni 17
RB Rúm ehf.
Dalshrauni 8
S.J. Trésmiðja ehf
Melabraut 20
Suzuki umboðið ehf
Kapalhrauni 1
Trégaur ehf.
Suðurgötu 31
Viking björgunarbúnaður
Hvaleyrarbraut 27
A. Óskarsson ehf.
Heiðargarði 8
Fasteignasalan
Stuðlaberg ehf.
Hafnargötu 29
Gæfusmiðurinn ehf.
Heiðarvegi 6
Húsanes ehf.
Hafnargötu 20
Langbest
Hafnargötu 62
Málverk sf.
Skólavegi 36
Olsen Olsen
Hafnargötu 17
OSN lagnir ehf.
Iðavöllum 4b
Plastgerð Suðurnesja ehf.
Framnesvegi 21
Rafiðn ehf.
Víkurbraut 1
Ráin ehf
Hafnargötu 19
Rekan ehf.
Iðavöllum 5b
Reykjanesbær
Tjarnargötu 12
Samkaup hf
Hafnargötu 62
Skipting ehf.
Grófinni 19
Skólamatur ehf.
Iðavöllum 3d
Smurstöð og hjólbarðaþjónusta Björns og Þórðar
Vatnsnesvegi 16
Sólbaðs- og þrekmiðstöðin Perlan
Vesturgata 21
Sparisjóðurinn í Keflavík
Tjarnargötu 12
TRIX
Hafnargötu 30

Varmamót ehf.
Framnesvegi 19
Verkfræðistofa Suðurnesja ehf.
Víkurbraut 13
Verktakasambandið ehf
Grófinni 9-11
Viðar Jónsson ehf.
Heiðarhorni 16

## Keflavíkurflugvöllur

Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum
Grænási
Suðurflug ehf.
Kefl.flugv/Bygging 9235

## Grindavík

Bláa lónið hf.
Svartsengi box 22
HK verk ehf.
Blómsturvöllum 2
Jón og Margeir sf.
Austurvegi 22
Landflutningar
Hólavöllum 7
Smiðshöggið ehf
Túngötu 16
Stakkavík ehf.
Bakkalág 15b
Þorbjörn hf.
Hafnargötu 12

## Sandgerði

Málningarvinna Carls ehf
Víkurbraut 9b

## Garður

S.I. Raflagnir ehf.
Heiðartúni 2

## Njarðvík

ÁÁ Verktakar ehf.
Starmóa 13
Bílahúsið.is - I.H. söluumboð
Holtsgötu 52
R.H. innréttingar ehf.
Stapabraut 1
Radióvík ehf.
Brekkustíg 14
Renniverkstæði Jens Tómassonar ehf.
Fitjabakka 1c
Slakki ehf
Stekkjargötu 51

## Mosfellsbær

Afltak ehf
Völuteigi 1
Byggingafélagið T
imburmenn
Esjumel 7
Byggingarfélagið Baula ehf.
Arkarholti 19
Glertækni ehf.
Völuteigi 21
Ísfugl ehf.
Reykjavegi 36
Kjósarhreppur
Ásgarður

## Akranes

B.Ó.B. sf,vinnuvélar
Kalmannsvöllum 3
Bifreiðastöð Þ.Þ.Þ. ehf.
Dalbraut 6
Glugga og Glerhöllin
Ægisbraut 30

Dagpeningar greiðast ekki þegar um varanlega örorku er að ræða eða félagsmaður á rétt á örorku- eða ellilífeyri og nýtur fullrar tekjutryggingar.

Með umsókn um dagpeninga skal fylgja læknisvottorð um vinnuhæfni, síðasti launaseðill (eða fleiri eftir atvikum) ásamt staðfestingu á heildarlaunum sl. 12 mánuði.

**Réttur sjóðfélaga til dagpeninga á hverjum 12 mánuðum skal vera þannig:**
Starfstími 0 – 1 ár 45 dagar
Starfstími yfir 1 ár 180 dagar
Dagpeningar greiðast ekki lengur en ráðningu starfsmanns er ætlað að standa.
Sjóðurinn styrkir þjálfun, forvarnir og fyrirbyggjandi aðgerðir á eftirfarandi hátt:
Sjóðfélagi sem hefur verið félagsmaður í 6 mánuði af síðustu 12 fær styrk til sjúkraþjálfunar, sjúkranudds, nálastungumeðferðar, hnykklækninga (kiropraktor) og meðferðar hjá sálfræðingi, 1.000 kr. fyrir hvert skipti, allt að 25 skipti á ári. Styrkur fyrir þessi tilfelli samanlagt skal þó að hámarki vera 25.000 kr. á ári.
Sjóðfélagi sem hefur verið félagsmaður í 6 mánuði af síðustu 12 fær styrk til meðferðar hjá Heilsustofnuninni í Hveragerði, einnig til þjálfunar hjá Hjarta- og lungnastöðinni eða sambærilegum stofnunum. Styrkur fyrir þessi tilfelli samanlagt skal þó að hámarki vera 30.000,- kr. á ári.
Sjóðfélagi sem hefur verið félagsmaður í 6 mánuði af síðustu 12 fær styrk fyrir krabbameinsskoðun einu sinni á ári. Einnig vegna skoðunar hjá Hjartavernd einu sinni á ári.
Sjóðurinn tekur þátt í ferðakostnaði sjóðfélaga sem þurfa að fara landshluta á milli til aðgerða eða rannsókna að læknisráði vegna þeirra sjálfra, maka þeirra og barna, enda hafi verið greitt vegna þeirra í sjóðinn í 6 mánuði af síðustu 12. Sækja verður um styrk til Tryggingastofnunar. Sé beiðni hafnað greiðir sjóðurinn 10.000 kr. fyrir 250 - 400 km akstur og 15.000 kr. fyrir akstur umfram 400 km. Fyrir flugfargjöld greiðir sjóðurinn allt að 15.000 kr. Greitt verður að hámarki fyrir þrjár ferðir á hverju 12 mánaða tímabili. Sjóðstjórn er heimilt að víkja frá þessum viðmiðunum ef fyrir því liggja ríkar ástæður.
Sjóðfélagi sem hefur verið félagsmaður í 6 mánuði af síðustu 12 fær styrk til "laser" aðgerðar á öðru auga 30.000 kr. eða 60.000 kr. fyrir bæði augu. Einnig fær sjóðfélagi styrk til kaupa á sjónglerjum einu sinni á hverjum 36 mánuðum, 50% af kostnaði sem fer yfir 25.000 kr.
Sjóðfélagi sem hefur verið félagsmaður í 6 mánuði af síðustu 12 fær styrk til "laser" aðgerðar á öðru auga 30.000 kr. eða 60.000 kr. fyrir bæði augu. Einnig fær sjóðfélagi styrk til kaupa á sjónglerjum einu sinni á hverjum 36 mánuðum, 50% af kostnaði sem fer yfir 25.000 kr.

Vegna sjúkraþjálfunar, sjúkranudds, meðferðar á NLFÍ og hnykklækninga skal fylgja ljósrit af tilvísun læknis ásamt reikningi/kvittun sem ber með sér fjölda meðferða og dagsetningu þeirra. Kvittun skal vera með stimpli þjónustuaðila.

Vegna ofangreindra liða skal fylgja frumrit reiknings sem ber með sér tímasetningu, nafn og kennitölu umsækjanda. Sjóðfélagi sem hefur verið félagsmaður í a.m.k. 1 ár hefur rétt til styrkja úr sjóðnum í 6 mánuði eftir starfslok.
Heimilt er, eftir mati sjóðstjórnar hverju sinni, að veita styrk vegna sérstakra aðstæðna sem hafa í för með sér launamissi eða veruleg fjárútlát sjóðfélaga vegna veikinda hans sjálfs eða nánustu fjölskyldu.
Heimilt er sjóðstjórn að greiða læknis- og/ eða lyfjakostnað þegar afsláttarkorti TR, kr. 12.000.- er náð allt að kr. 10.000.- á ári samkvæmt mati stjórnar hverju sinni.
Við andlát sjóðfélaga er heimilt að greiða allt að kr. 120.000.- vegna útfararkostnaðar. Útfararstyrkurinn nær einnig til þeirra sem látið hafa af störfum og farið á ellilífeyri, hafi þeir verið félagsmenn í LL síðustu 12 mánuði fyrir starfslok. Við andlát maka viðkomandi eða barna er heimit að greiða allt að kr. 100.000,- vegna útfararkostnaðar.



**Skilgreiningar:**
Með barni í reglum þessum er auk kynbarns, kjörbarns og fósturbarns átt við stjúpbarn sem býr á heimili sjóðfélaga eða þarfnast greinilega umönnunar sjóðfélaga.
Með langtímaveikindum er átt við veikindi sem vara samfellt lengur en í 30 almanaksdaga.
Stjórn sjóðsins áskilur sér allan rétt til að breyta reglunum í samráði við stjórn LL, sem þarf að staðfesta þær hverju sinni, hvort sem er til þrengingar á reglunum eða til útvíkkunar. Breytingar skulu tilkynntar með 3ja mánaða fyrirvara á heimasíðu LL .
Umsókn um styrki skal gerð á sérstökum eyðublöðum og henni skilað inn ásamt nauðsynlegum vottorðum fyrir 20. hvers mánaðar.
Með umsóknum skulu fylgja öll þau gögn sem sjóðsstjórn telur nauðsynleg á hverjum tíma, s.s. reikningar, kvittanir, læknisvottorð, staðfesting vinnuveitanda um að launagreiðslur hafi fallið niður og fl. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.
Heimilt er stjórn sjóðsins að hafna umsóknum, eða fresta afgreiðslu þeirra, ef þær eru ekki fullnægjandi að mati stjórnar eða ef ekki eru fyrirliggjandi þau gögn sem stjórn sjóðsins telur nauðsynleg vegna afgreiðslu umsóknarinnar. Bætur úr sjóðnum greiðast mánaðarlega. Skulu þær að jafnaði greiðast fyrsta virka dag næsta mánaðar.

Leyfi fjárhagsstaða sjóðsins ekki fullar greiðslur til félaga í samræmi við framangreindar reglur er stjórn sjóðsins heimilt að skerða greiðslur til sjóðfélaga.

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

GT tækni ehf
Grundartanga
Runólfur Hallfreðsson ehf.
Krókatúni 9
Skagaverk ehf.
Skarðsbraut 11
Sýslumaðurinn á Akranesi
Stillholti 16-18
Verkalýðsfélag Akraness
Sunnubraut 13
Vélsmiðja
Ólafs R. Guðjónssonar ehf.
Smiðjuvöllum 6

## Borgarnes

Bílasala Vesturlands sf.
Sólbakka 2
Borgarbyggð
Borgarbraut 14
Borgarverk ehf.
Sólbakka 17-19
JG vélar sf
Kveldúlfsgötu 18
Jörvi ehf. vinnuvélar
Hvanneyri
Loftorka Borgarnesi ehf.
Engjaási 2-8
Lögfræðistofa Inga
Tryggvasonar ehf.
Borgarbraut 61
Skorradalshreppur
Grund
Sparisjóður Mýrasýslu
Digranesgötu 2
Tak-Malbik ehf.
Engjaási 1
Völundur Sigurbjörnsson
Kvíaholti 12

## Stykkishólmur

Narfeyri ehf.
Ásklifi 10
Þ.B. Borg - steypustöð ehf
Silfurgötu 36

## Hellissandur

Skarðsvík hf.
Munaðarhóli 10
Snævélar ehf
Laufási 1
Þorgeir Árnason ehf.
Háarifi 27 Rifi

## Búðardalur

Reykhólahreppur
Maríutröð 5a
Sýslumaðurinn í Búðardal
Miðbraut 11

## Ísafjörður

Cafe Langi Mangi
Aðalstræti 22
Frystikerfi ehf.
Suðurgötu 9
Fylkir.is
Fjarðarstræti 15
Hamraborg ehf.
Hafnarstræti 7
Heiðarfell ehf
Suðurtanga 6
Héraðsdómur
Vestfjarða
Hafnarstræti 1
Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
KNH ehf.
Grænagarði
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Hafnarstræti 1
Vélsmiðjan Þrymur hf.
Suðurgötu 9

## Bolungarvík

Sparisjóður Bolungarvíkur
Aðalstræti 14

## Súðavík

Súðavíkurhreppur
Grundarstræti 1-3

## Flateyri

Úlfar ehf.
Drafnargötu 2

## Patreksfjörður

Smáalind ehf
Aðalstræti 5
Vesturbyggð
Aðalstræti 63
Tálknafjörður

Bókhaldsstofan Tálknafirði
Strandgötu 40
Eik ehf. - trésmiðja
Strandgötu 37

## Þingeyri

Véla- og bílaþjón Kristjáns ehf.
Hafnarstræti 14

## Brú

S.G. Verkstæði ehf
Borðeyri

## Skagaströnd

Skagabyggð
Örlygsstöðum II

## Sauðárkrókur

Bifreiðaverkstæði Kaupfélags
Skagfirðinga
Freyjugötu 9
Hesturinn
Sæmundargötu 3
Héraðsdómur Norðurlands vestra
Skagfirðingabraut 21
Kaupfélag Skagfirðinga
Ártorgi 1
Króksverk ehf.
Borgarröst 4
K-Tak hf
Borgartúni 1
Ræsting og Bón ehf.
Víðihlíð 4
Sveitarfélagið
Skagafjörður
Skagfirðingabraut 17-21
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Suðurgötu 1

## Varmahlíð

Múli ehf
Miðsitju

## Siglufjörður

Allinn ehf-sportbar
Þormóðsgötu 11-15
Egilssíld ehf
Gránugötu 27

## Akureyri

Amaro heildverslun - Viðar ehf.
Frostagötu 6c
Arnarfell ehf. verktakar
Sjafnarnesi 2-4
Ásbyrgi - Flóra ehf.
Frostagötu 2a
Bakaríið við Brúna
Gleráreyrum 2
Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins hf.
Fjölnisgötu 2a
Bónstöð Norðurlands
Njarðarnesi 1
Bæjarverk hf.
Rauðamýri 11
Eining Iðja
Skipagötu 14
Ekill ehf
Holtateigi 19
G.V. gröfur ehf.
Óseyri 2
Girðir ehf.
Lónsbakka
Héraðsdómur
Norðurlands eystra
Hafnarstræti 107
Kjarnafæði hf.
Fjölnisgötu 1b
Lostæti ehf.
Naustatanga 1 box 234
Lögmannsstofan
Lögmannshlíð
Ráðhústorgi 3
Malbikun KM
Flögusíðu 2
Plastás ehf.
Óseyri 4
Raf ehf.
Óseyri 6
Rafmenn ehf.
Fjölnisgötu 2b
Rafós sf.
Skipagötu 14
Raftákn ehf.
Glerárgötu 34
Slökkvilið Akureyrar
Árstíg 2
Sparisjóður
Norðlendinga
Skipagötu 9
Straumrás hf.
Furuvöllum 3
Tis ehf
Skipagötu 14
Tréborg ehf.
Njarðarnes 6
Tölvuvinnslan
Hafnarstræti 101
Veitingahúsið Greifinn
Glerárgötu 20
Þekking hf.
Hafnarstræti 91-95

## Dalvík

Steypustöðin Dalvík ehf.
Sunnubraut 11

## Húsavík

Eðalbrauð Heimabakarí
Garðarsbraut 15
G.P.G. fiskverkun ehf.
Suðurgarðar
Höfðavélar ehf
Höfða 1
Sýslumaðurinn á Húsavík
Útgarði 1
Vélaverkstæðið Árteigi
Árteigur Ljósavatnshrepp
Víkurraf ehf.
Héðinsbraut 4

## Laugar

Þingeyjarsveit
Kjarna

## Reykjahlíð

Skútustaðahreppur
Hlíðarvegi 6

## Bakkafjörður

Hraungerði ehf
Hraunstíg 1

## Vopnafjörður

ES-vinnuvélar ehf.
Skógum 1

## Egilsstaðir

Aðalflutningar ehf.
Miðási 19
Austurtak ehf, verktakar
Bjarkargrund 1-3
Ársverk ehf
Mánatröð 4
Eskfirðingur hf.
Furuvellir 4
G. Ármannsson ehf.
Ártröð 12
Grænafell ehf,
kranaþjónusta
Miðási 11
Hitaveita Egilsstaða og Fella
Einhleypingi 1
Kaupfélag Héraðsbúa
Kaupvangi 6
Snarvirki ehf.
Kaupvangi 23b
Toyota Austurland - Bílaverkstæði
Borgþórs ehf.
Miðási 2
Trésmiðja Guðna
Þórarinssonar
Mássel
Verslunarmannafélag
Austurlands
Miðvangi 2-4
Ökuskóli austurlands
Lagarfelli 11

## Seyðisfjörður

Seyðisfjarðarkaupstaður
Hafnargata 44
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Bjólfsgötu 7

## Reyðarfjörður

Kjötkaup hf
Óseyri 1

## Eskifjörður

Bílaverkstæði Ásbjörns
Strandgötu 14
Egersund Ísland ehf
Hafnargötu 2
Eskja hf.
Strandgötu 39
Kría veitingasala ehf.
Svínaskálahlíð 17

## Neskaupstaður

G.T. ehf - Verslunin Vík
Egilsbraut 6

UMFERÐARSTOFA

AALBORG PORTLAND

Útfararþjónustan

Landsbankinn

B&L

MALARVINNSLAN
Sími 470 1500
Miðási 11, 700 Egilsstöðum

Bakarameistarinn

dælur

FRUMHERJI HF

FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN

HITAVEITA SUÐURNESJA

www.akureyri.is
Akureyri

N1

LANDSNET

SLÖKKVILIÐ
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

# Þegar andlát ber að höndum

Útfararstofan annast meginhluta allra útfara á höfuðborgarsvæðinu.
Þar starfa nú 15 manns við útfararþjónustu og kistuframleiðslu.

***Alúðleg þjónusta sem byggir á langri reynslu***

**Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf.**

Vesturhlíð 2 – Fossvogi – Sími 551 1266 – www.utfarastofa.com

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA



*Ólafur Örn Bragason:*

# Að styðja við félagann *á erfiðum tímum*



***Ólafur Örn Bragason, sálfræðingur***

**Nokkur umræða hefur verið um streitu og áföll meðal lögreglumanna síðastliðin ár, eins og sjá má bæði af greinaskrifum og könnunum sem gerðar hafa verið. Í síðasta riti Lögreglumannsins skrifaði undirritaður grein þar sem fjallað var um streitu og lögreglustarfið. Nú verður fjallað um áföll sérstaklega og þær leiðir sem farnar hafa verið til að mæta erfiðri upplifun í starfi slökkviliðsmanna höfuðborgarsvæðisins og lögreglumanna í Danmörku og Bandaríkjunum.**

Almennt má segja að áfall sé skilgreint sem sterk streituviðbrögð í kjölfar ákveðinna óvæntra atburða. Þá er átt við yfirþyrmandi atburði eða atvik þar sem viðkomandi upplifir að öryggi hans eða annarra sé ógnað. Meðal erfiðra atburða sem algengt er að lögreglumenn upplifi eru aðkoma að alvarlegum umferðarslysum, náttúruhamförum, ofbeldi og andláti barna, svo dæmi séu nefnd. Slíkri reynslu getur fylgt mikill ótti, hjálparleysi eða hryllingur sem setið getur eftir í huga fólks og valdið ýmiss konar viðbrögðum. Viðbrögð þessi eru eðlileg og þeim má lýsa á þrjá vegu:

(a) Endurupplifun á atburði þar sem viðkomandi líður eins og hann sé að upplifa atburðinn aftur í gegnum áleitnar minningar, hvort sem hann er vakandi eða sofandi.

(b) Yfirdrifin líffræðileg viðbrögð þar sem viðkomandi finnur stöðugt fyrir örvun, þ.e. óróleika, kvíða, spennu, erfiðleikum með að einbeita sér eða að vera kyrr, bregðast harkalega við smávægilegum hlutum og sérstaklega vandamálum við að sofa.

(c) Flótti/forðun frá þeim áreitum sem eru tengd atburðinum, þar sem viðkomandi forðast allt sem getur minnt á hann eins og að tala eða hugsa um atburðinn á nokkurn hátt. Viðkomandi getur slökkt á tilfinningum sínum um annað fólk og hluti sem skipta venjulega máli. Hann getur einnig orðið óvenjuhlédrægur og tilfinningalega flatur. Þá getur áhugaleysi, minnisleysi og svartsýni gert vart við sig.

Vert er að hafa í huga að áföll gera ekki boð á undan sér og því getur það tekið vikur eða mánuði að aðlagast. Stundum erum við vel í stakk búin til að takast á við erfiða atburði og þeir hafa þá tiltölulega lítil áhrif á okkur. Á öðrum tímum erum við illa fyrirköll-

uð og þá má lítið út af bregða til að það valdi okkur hugarangri. Því geta margir upplifað sama atvikið en viðbrögð fólks verið mismunandi, allt frá nánast engum viðbrögðum upp í mjög sterk viðbrögð.

Eitt af því sem mikilvægast er að huga að í kjölfar áfalla er stuðningur frá þeim sem standa manni nærri, þ.e. vinum, ættingjum og vinnufélögum. Þessi aðferð hefur verið notuð með skipulögðum hætti hjá lögreglu, m.a. í Danmörku og Bandaríkjunum, þar sem lögreglumenn styðja aðra lögreglumenn á erfiðum tímum. Á Íslandi hefur þetta fyrirkomulag tíðkast hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins undir heitinu félagastuðningur. Grunnhugmyndin er sú að á hverjum vinnustað er fólk sem þægilegt er að tala við; hefur þægilega nærveru og nýtur trausts. Þetta fólk hefur nú þegar verið að veita félagastuðning, þó ekki með kerfisbundnum eða formlegum hætti. Með því að koma á fót formlegu kerfi utan um þennan stuðning er hægt að nýta þetta fólk betur með því að þjálfa það sérstaklega í að veita félagastuðning og gera starf þeirra markvissara. Þeir sem taka að sér að veita félagastuðning hafa það hlutverk að vera stuðningsfélagar fyrir þá vinnufélaga sína sem lent hafa í alvarlegu áfalli eða ráða ekki lengur við aðstæður vegna uppsafnaðs álags. Þeir sem taka að sér þennan stuðning sinna bráðaþjónustu. Aðstoð þeirra kemur ekki í stað fagaðstoðar og þurfa þeir því að geta vísað á slíka þjónustu ef þörf er á. Til þeirra geta félagar þeirra leitað eftir aðstoð og hjá þeim eiga þeir að fá hvatningu og stuðning til að leita til sérfræðinga á sviði áfallahjálpar og streitustjórnunar þegar þörf er á. Hver stuðningsaðili veitir einum í einu stuðning eða fáeinum saman í hópi. Stuðningurinn felur oftast í sér hagnýta aðstoð eins og að tryggja það að félaganum líði vel líkamlega, honum sé ekki kalt og hann hafi fengið að borða og drekka. Mikilvægast er að tryggja öryggi hans og aðstoða við að hafa samband við aðstandendur þar sem það á við. Upplýsingaflæði er einnig mikilvægt og er það líka hlutverk stuðningsfélagans að koma nýjustu upplýsingum á framfæri.

Stuðningsfélagi veitir ráðleggingar í samræmi við þá þjálfun sem hann hefur fengið og þá reynslu sem hann hefur sem lögreglumaður. Þannig aðstoðar hann viðkomandi við að koma reglu á daglegt líf sitt og viðhalda virkni. Hann er til staðar, hlustar og sýnir samkennd. Rannsóknir hafa sýnt fram á að það að leita eftir stuðningi frá öðrum er hjálplegt og getur varið fólk fyrir verstu viðbrögðum áfalls. Að tala við og hitta fólk sem hefur svipaða reynslu getur verið mjög hjálplegt en fyrir þá sem eru ekki mikið fyrir að tala getur verið að félagsskapur eða að umgangast fjölskylduna eða vinnufélagana gagnist vel.

Í kjölfar erfiðra upplifana er mikilvægt að finna sér tíma til að slaka á og sinna áhugamálum sínum. Það getur verið erfitt að njóta lífsins fyrst eftir áfall. Fólki getur jafnvel liðið illa yfir hugsunum sínum og vangaveltum um áfallið en með því að trufla sjálfan sig á þennan hátt hefur það jákvæðar afleiðingar fyrir heilsuna. Það brýtur upp ákveðið mynstur og hjálpar til við að fá aftur eðlilegt ástand og fulla spönn tilfinninga.

Um mitt ár 2006 var skipaður samráðshópur ríkislögreglustjóra, Lögregluskóla ríkisins og Landssambands lögreglumanna sem ætlað var að skoða úrræði til að styðja við lögreglumenn í kjölfar áfalla. Meðal þess sem samráðshópurinn lagði til var að sett yrði upp kerfi félagastuðnings hjá lögreglunni á landsvísu. Nú hefur dómsmálaráðherra veitt styrk til verkefnisins og unnið er að undirbúningi að innleiðingu félagastuðnings út frá því verklagi sem viðhaft er hjá lögreglunni í Danmörku og af reynslu slökkviliðsmanna hér á landi.




Félagastuðningur er aðeins einn þáttur af mörgum sem þarf að huga að til að koma á eða viðhalda stöðugleika í lífinu eftir erfiðar upplifanir. Þættir eins og regluleg hreyfing og að þekkja viðbrögð við erfiðum aðstæðum eru einnig mikilvægir. Ítarlegri umfjöllun um þessi atriði má finna í riti Rauða kross Íslands, „Þegar lífið er erfitt“, á innri vef ríkislögreglustjóra.

Að lokum vil ég hvetja þig til að þekkja sjálfa(n) þig og styðja við félaga þína með það fyrir sjónum að tilfinningalegur stuðningur og hluttekning annarra getur dregið mjög úr áhrifum streituvalda. Oft er engu líkara en að erfiðleikar og áföll þjappi fólki saman og dragi úr uppnámi. Það er mín von að aukinn stuðningur félaga í milli verði til þess að þjappa lögreglumönnum betur saman og bæta þannig starfsumhverfið.

***Höfundur lauk námi í réttarsálfræði frá Háskólanum í Surrey á Englandi 2003 og námi í klínískri sálfræði frá Háskóla Íslands 2004. Hann starfar sem sálfræðingur á stjórnsýslusviði embættis ríkislögreglustjóra.***

*Í kjölfar erfiðra upplifana er mikilvægt að finna sér tíma til að slaka á og sinna áhugamálum sínum. Það getur verið erfitt að njóta lífsins fyrst eftir áfall.*



# Norðurlandamót *lögreglumanna í knattspyrnu*

***Keppt var á knattspyrnuvöllum í nágrenni við Fuglsöcenteret, þar sem var gist, sem er í nágrenni við Århus á Jótlandi. Mótið fór fram dagana 15. til 21. júní og mótshaldari var Íþróttafélag lögreglunnar í Árósum.***

**Lið Íþróttasambands lögreglumanna, ÍSL, var skipað eftirtöldum:**
Frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu: Andri Fannar Helgason, Pétur Guðmundsson, Þormóður Egilsson, Júlíus Valgeirsson, Jónatan Guðbrandsson, Ásmundur Jónsson, Heiðar I. Heiðarsson, Kristján Hagalín og Hannes Guðmundsson. Frá RLS: Huginn Egilsson, Runólfur Þórhallsson, Einar Júlíusson, Sveinn Ægir Árnason, Ólafur St. Ólafsson og Jóhann Guðbrandsson. Frá Vestmannaeyjum Þorsteinn Þorsteinsson, frá Suðurnesjum Kristján Freyr Geirsson, frá Akranesi Garðar Axelsson, þjálfari Sigurður Halldórsson, lögreglunni á Akranesi (Siggi Donna.) Fararstjórar voru þeir Guðmundur St. Sigmundsson og Óskar Bjartmarz.

Til mótsins mættu lið frá öllum fimm Norðurlöndunum í karlaflokki og í kvennaflokki frá þeim öllum nema okkur. Okkar tími hlýtur að koma í kvennaflokki eins og í öðru.
Fyrsti leikurinn var við lið heimamanna. Liðið var skipað eftirtöldum: Í markinu Andri, aðrir leikmenn Sveinn Ægir, Júlíus, Hannes, Huginn, Pétur, Þormóður, Jóhann, Ólafur, Þorsteinn og fremstur var Ásmundur. Á bekknum voru Garðar, Kristján G., Jónatan, Runólfur og Einar. Heiðar og Kristján Hagalín hvíldu. Danir skoruðu mark á 21. mínútu og þannig var staðan í hálfleik. Kristján skipti við Ásmund, Pétur skipti við Einar og Jónatan skipti við Þormóð. Lokatölur urðu 1 – 0 fyrir Dani og var það mat manna að þetta hefði verið einhver besti leikur liðs ÍSL í knattspyrnu frá upphafi. Önnur úrslit á fyrsta degi: Svíþjóð – Noregur 0 – 0. í kvennaflokki Danmörk – Finnland 4 – 2. Noregur – Svíþjóð 2 – 1.
Næsti leikur var við Svía og var liðið skipað eftirtöldum: Í markinu var Garðar, aðrir leikmenn Sveinn Ægir, Heiðar, Kristján H., Huginn, Þormóður, Pétur, Jóhann, Ólafur, Þorsteinn og fremstur var Ásmundur. Á bekknum voru Andri, Runólfur, Kristján G., Jónatan og Einar. Hannes og Júlíus hvíldu. Svíar skoruðu mark á 7. mínútu og aftur á 10. mínútu úr víti og þannig var staðan í hálfleik en einum Svía var vísað af velli á 25. mínútu. Kristján G. skipti við Þorstein, Runólfur skipti við Heiðar og Einar skipti við Ólaf. Svíar skoruðu mark á 7. og 30. mínútu og var staðan í hálfleik 2 – 0. Svíar bættu við þriðja markinu úr vítaspyrnu á 55. mínútu. Lokatölur urðu 3 – 0 fyrir Svía.
Önnur úrslit dagsins: Finnland – Danmörk 0 – 0.
Þriðji leikurinn var við Noreg og var liðið skipað eftirtöldum: Andri í markinu, aðrir leikmenn Huginn, Júlíus, Runólfur, Kristján H., Þormóður, Ólafur, Sveinn, Jóhann, Þorsteinn og Ásmundur fremstur. Á bekknum voru Garðar, Heiðar, Pétur, Hannes og Kristján G. Jónatan og Einar hvíldu. Kristján skipti við Ásmund, Pétur skipti við Júlíus og Hannes skipti við Hugin. Norðmenn skoruðu mark á 7. og 80. mínútu og lauk leiknum með sigri Norðmanna 2 – 0.

Önnur úrslit dagsins. Svíþjóð – Finnland 1 – 2. Í kvennaflokki Svíþjóð – Finnland 4 – 0 og Noregur – Danmörk 6 – 0.
Fjórða daginn hvíldi lið ÍSL en úrslitin þann dag urðu eftirfarandi: Danmörk – Svíþjóð 3 – 0, Finnland – Noregur 2 – 0.
Síðasti leikurinn var við Finna sem í fyrsta skipti áttu möguleika á því að verða Norðurlandameistarar með því að sigra okkur en þeir voru með sjö stig eins og Danir sem áttu að leika við Noreg í síðasta leiknum. Finnar þurftu að vinna okkur og treysta á hagstæð úrslit í leik Dana og Norðmanna.
Lið okkar var þannig skipað: Andri í markinu, aðrir leikmenn Jónatan, Huginn, Kristján H., Sveinn Ægir, Þormóður, Ásmundur, Jóhann, Ólafur, Þorsteinn og Garðar fremstur, á bekknum voru Hannes, Pétur, Kristján G., Heiðar og Einar.
Júlíus hvíldi en Runólfur var farinn heim og var því ekki til staðar í síðasta leiknum.
Garðar skoraði mark í fyrri hálfleik og vorum við yfir í hálfleik. Finnar jöfnuðu þegar vel var liðið á síðari hálfleik. Þorsteinn kom okkur yfir aftur með góðu marki og maður fór að gera sér vonir um sigur. Stuttu fyrir leikslok jöfnuðu Finnar en stuttu áður hafði Þorsteinn átt dauðafæri sem ekki varð mark úr. Niðurstaðan því 2 – 2 og Finnar mjög vonsviknir yfir að vera nánast búnir að klúðra möguleika sínum á titlinum. Þeir máttu þakka fyrir jafnteflið en við áttum skilið að fá meira út úr leiknum.

Önnur úrslit á þessum fimmta og síðasta leikdegi voru eftirfarandi:
Danmörk – Noregur 3 – 0. Í kvennaflokki sigraði Noregur – Finnland 13 – 1 og Svíþjóð sigraði Danmörku 3 – 0.




### Lokaniðurstaða:

**Karlaflokkur:**

| | | |
|---|---|---|
| 1. Danmörk | 10 stig | 7 – 0 |
| 2. Finnland | 8 stig | 6 – 3 |
| 3. Svíþjóð | 5 stig | 4 – 5 |
| 4. Noregur | 5 stig | 2 – 5 |
| 5. Ísland | 1 stig | 2 – 8 |

**Kvennaflokkur:**

| | | |
|---|---|---|
| 1. Noregur | 9 stig | 21 – 2 |
| 2. Svíþjóð | 6 stig | 8 – 2 |
| 3. Danmörk | 3 stig | 4 – 11 |
| 4. Finnland | 0 stig | 3 – 21 |

# *Landsmót lögreglumanna* í innanhússknattspyrnu 2007

Mótið fór fram á Akureyri 30. og 31. mars sl.og sá Íþróttafélag lögreglunnar á Akureyri um mótshaldið. Keppt var í íþróttahöllinni á Akureyri. Til leiks mættu 10 lið, þrjú lið frá nýju embætti á höfuðborgarsvæðinu (LRH), Suðurnesjum, RLS tvö lið, Akranesi, Lögregluskólanum, Austurlandi og lið heimamanna. A-lið RLS sigraði á mótinu, Akranes varð í öðru sæti og LRH 2 í þriðja sæti, annars varð röðin eftrfarandi: Suðurnes, Lögregluskólinn, LRH 1 Fíknó, Akureyri, LRH 3, RLS B og Austurland. Lokahófið og verðlaunaafhending fór fram að Hömrum þar sem mikil stemmning var og langflestir keppendur og aðrir þátttakendur mættu. Markakóngur mótsins varð Sigurjón Jónsson Akranesi, maður mótsins var valinn Jóhann Örn Guðbrandsson RLS A og prúðasta liðið var valið LRH 3.
Í lokahófinu var dregið um hvaða lið fengi keppnisrétt á innanhússknattspyrnumóti Norrænu sakamálabókarinnar sem fram á að fara í Turku í Finnlandi um miðjan október nk. Í pottinum voru nöfn þriggja efstu liðanna. Var þessi framkvæmd ákveðin af stjórn Íþróttasambands lögreglumanna að höfðu samráði við forsvarsmann bókarinnar á Norðurlöndunum. Lið LRH 2 var dregið út og fékk keppnisréttinn.

***Kári Erlingsson, gjaldkeri ÍLA***





# Lögregluskólamót
## *Norrænu sakamálabókarinnar*

***Lögregluskólamót Norrænu sakamálabókarinnar í þríþraut var að þessu sinni haldið í Svíþjóð 21. apríl 2007. Mótið er haldið í samvinnu íþróttasambands og lögregluskóla viðkomandi lands og er alfarið kostað af Norrænu sakamálabókinni. Þetta er mjög gott framtak til að kynna íþróttastarfsemi innan lögreglu og eins fyrir nemendur skólanna að kynnast.***



**Lið Íslands var skipað eftirtöldum:**
Áslaug Erlín Þorsteinsdóttir
Selma Sigurðardóttir Malmquist
Brynhildur Björnsdóttir
Róbert Þór Guðmundsson
Sigurður Betúel Andrésson
Lúðvík Aðalsteinn Þorsteinsson
Finnbogi Jónasson
Kristmundur Kristjánsson
**Liðstjóri:**
Aðalsteinn Bernharðsson
**Fararstjóri:**
Óskar Sigurpálsson

Lagt var af stað snemma föstudagsmorguninn 20. apríl og vorum við komin í Lögregluskólann í Solna seinnipart dags þar sem Björn Jacobson mótsstjóri tók á móti okkur. Hann sýndi okkur íþróttaaðstöðu lögregluskólans sem er mjög góð þrátt fyrir að húsin séu orðin nokkuð gömul. Það sem eftir lifði dags voru skotæfingar þar sem farið var yfir reglur í skotkeppninni og einnig fengu allir að skjóta nokkrum skotum til að kynnast byssunni en skotið var með Sig Sauer sem er þjónustuvopn sænsku lögreglunnar. Eftir skotæfingu var kvöldverður borinn fram og í framhaldi var tæknifundur með liðsstjórum og keppnisstjórum. Eftir að keppendur höfðu jafnað sig eftir kvöldverðinn var létt æfing. Hlaupaleiðin var skokkuð og síðan léttar teygjur á eftir. Síðan var sest niður og slakað á og keppnisdagur undirbúinn.

Sundið var fyrsta grein og hófst kl. 09:00 um morguninn. Þetta voru ekki allir sáttir við en skotkeppnin hefur alltaf verið fyrsta grein á öllum mótum hingað til. Síðar kom í ljós að þetta stafaði af aðgengi að sundlauginni. Áslaug náði bestum árangri í sundinu af okkar fólki, varð í öðru sæti.

Skotkeppnin hófst um hádegið og er hún tímafrek grein. Okkar fólki gekk nokkuð vel í skotinu þrátt fyrir að sumir væru talsvert stressaðir. Sérstaka athygli vakti árangur Róberts Þórs en hann sigraði í skotkeppninni með 194 stigum sem verður að teljast mjög góður árangur.
Víðavangshlaupið er síðan lokagreinin en ræst er í hlaupið miðað við árangur eftir tvær fyrri greinarnar og getur þar munað töluverðum tíma á fyrsta og síðasta manni í ræsingu. Sá sem kemur fyrstur í mark í hlaupinu er því sigurvegari keppninnar. Við þetta fyrirkomulag eru ekki allir á eitt sáttir, en alltaf hafa komið upp villur með ræsingartíma keppenda.
Um kvöldið var síðan lokahóf þar sem fram var borinn dýrindis kvöldverður og léttar veitingar. Síðan voru úrslit keppninnar kynnt og verðlaunaafhending.
Mótið tókst í alla staði vel, aðbúnaður keppenda góður og keppnisaðstaða við lögregluskólann til fyrirmyndar. Okkar keppendur stóðu sig í alla staði vel og voru þau lögregluskólanum til sóma.

## *Úrslit mótsins:*

**100 m sund/kvenna.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Tringe Linge Tönnesen | NOR | 1:08:7 mín |
| 2. | Áslaug Thorsteinsdóttir | ÍSL | 1:22:9 mín |
| 3. | Linda Karis | SWE | 1:23:0 mín |

**200 m sund/karlar.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Michael Pedersen | DAN | 2:29:6 mín |
| 2. | Stale Sjölie | NOR | 2:30:8 mín |
| 3. | Pauli Mäenpää | FIN | 2:48:2 mín |

**Skotfimi/kvenna.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Agneta Nilsson | SWE | 192 stig |
| 2. | Line Jensen | DAN | 192 stig |
| 3. | Linda Karis | SWE | 191 stig |

**Skotfimi/karlar.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Róbert Þór Guðmundsson | ÍSL | 194 stig |
| 2. | Rasmus Prästiin | DAN | 193 stig |
| 3. | Henruk Jörgensen | DAN | 192 stig |

**2000 m víðavangshlaup/konur.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Agneta Nilsson | SWE | 7:57 mín |
| 2. | Kristin Hole Soldal | NOR | 8:18 mín |
| 3. | Mari Vold | NOR | 8:36 mín |

**3000 m víðavangshlaup/karlar.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Rjan Börtveit Skau | NOR | 10:00 mín |
| 2. | Mika Karsikas | FIN | 10:38 mín |
| 3. | Juha Härö | FIN | 10:48 mín |

**Samanlögð stig/karlar.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Michael Pedersen | DAN | 2979,2 stig |
| 2. | Rasmus Prästiin | DAN | 2940,2 stig |
| 3. | Ingve Hesjedal Lunde | NOR | 2788,2 stig |

**Samanlögð stig/kvenna.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Agneta Nilsson | SWE | 3010,0 stig |
| 2. | Line Jensen | DAN | 2842,0 stig |
| 3. | Linda Karis | SWE | 2793,0 stig |

**Heildarúrslit-liðakeppni.**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Danmörk | 16:410,8 stig |
| 2. | Svíþjóð | 15:923,2 stig |
| 3. | Noregur | 15:628,6 stig |
| 4. | Finnland | 14:154,0 stig |
| 5. | Ísland | 11:785,6 stig |

***Aðalsteinn Bernharðsson liðsstjóri***
***Óskar Sigurpálsson fararstjóri***



# *Mótalisti*

## *2007 – 2008*

| | Umsjón/mótsstaður | Dags. |
|---|---|---|
| **Landsmót:** | | |
| Öldungamót innanhússkn. | Ísafjörður | 12. og 13. október |
| Skotfimi | | |
| Innanhússknattspyrnumót | Egilsstaðir | |
| Golf | | |
| **Norðurlandamót:** | | |
| Frjálsar íþróttir | Svíþjóð | |
| Ratleikni | Danmörk | |
| **Evrópumót:** | | |
| Handknattleikur karla | Ungverjaland | |
| Handknattleikur kvenna | Noregur | |
| Hjólreiðar | Holland | |
| Víðavangshlaup | Frakkland | Febrúar |
| Fjölbragðaglíma | Rússland | |
| **Önnur mót:** | | |
| Innanhússknattspyrnumót | | |
| Norrænu sakamálabókarinnar | Finnland | Október |
| Lögregluskólamót Norrænu | | |
| sakamálabókarinnar | | Maí |




# Landsmót ÍSL *í skotfimi 2007*

***Mótið fór fram í maí sl. Þrjár greinar voru á dagskránni að þessu sinni. Þriðjudaginn 15. maí var keppt í ólympískri loftskammbyssu í aðstöðu Skotfélags Reykjavíkur í Egilshöll og tóku níu lögreglumenn þátt í keppninni.***



Á föstudeginum 18. maí var svo aftur keppt í Egils-höll, í grein sem nefnd hefur verið opinn flokkur meðal lögreglumanna en er í raun alþjóðleg grein sem heitir gróf skammbyssa (karlar) eða sportbyssa (konur). Frávik frá alþjóðareglunum hefur verið leyft hjá ÍSL á þann veg að allar hlaupvíddir eru leyfðar en alla jafna er konum einungis heimilt að nota cal. 22 og karlar að lágmarki cal. 32. Keppendur voru sjö að þessu sinni.



Vinsælasta keppnin á landsmótinu var nú sem endranær Glock-keppnin og tóku að þessu sinni 24 keppendur þátt. Keppnin fór að þessu sinni fram á Suðurnesjum í frábærri aðstöðu sem byggð var af varnarliðinu sáluga og lögreglan á Suðurnesjum hefur nú aðgang að.



### *Helstu úrslit voru eftirfarandi:*

**Loftskammbyssa karla (60 skot):**

| | | |
|---|---|---|
| 1. Þorsteinn Þór Guðjónsson | Höfuðborgarsv. | 542 stig |
| 2. Sigurgeir Arnþórsson | RLS | 534 stig |
| 3. Jón S. Ólason | Akranesi | 504 stig |

**Loftskammbyssa kvenna (40 skot):**

| | | |
|---|---|---|
| 1. Kristína Sigurðardóttir | Höfuðborgarsv. | 357 stig |
| 2. Ingibjörg Ásgeirsdóttir | Höfuðborgarsv. | 351 stig |
| 3. Jóhanna Heiður Gestsdóttir | Akranesi | 334 stig |

Tvær sveitir voru skráðar til leiks og varð sveit höfuðborgarsvæðisins, skipuð Róberti Guðmundssyni, Þorsteini Guðjónssyni og Eiríki Einarssyni, hlutskarpari með 1541 stig. Í öðru sæti var svo blönduð sveit, skipuð Jóni Ólasyni, Sigurgeiri Arnþórssyni og Ómari Jónssyni með 1513 stig.

**Opinn flokkur karla:**

| | | |
|---|---|---|
| 1. Eiríkur Óskar Jónsson | RLS | 547 stig |
| 2. Þorsteinn Guðjónsson | Höfuðborgarsv. | 518 stig |
| 3. Ómar Jónsson | Borgarnesi | 502 stig |

**Opinn flokkur kvenna:**

| | | |
|---|---|---|
| 1. Kristína Sigurðardóttir | Höfuðborgarsv. | 547 stig |

Tvær sveitir voru einnig skráðar hér og hafði sveit höfuðborgarsvæðisins sigur með 1556 stigum. Hún var skipuð Kristínu Sigurðardóttur, Þorsteini Guðjónssyni og Eiríki Einarssyni. Blönduð sveit Jóns Ólasonar, Sigurgeirs Arnþórssonar og Ómars Jónssonar náði 1439 stigum.

Í Glock-keppninni var hart barist nú sem endranær. Keppendur leggja mikinn metnað í þessa keppni og þá ekki síst í sveitakeppnina og voru átta sveitir skráðar til leiks.

**Úrslit urðu:**

| | | |
|---|---|---|
| 1. Þorsteinn þór Guðjónsson | Höfuðborgarsv. | 243 stig |
| 2. Bjarni Sigursteinsson | RLS/Akureyri | 236 stig |
| 3. Ólafur Ólafsson | RLS/Akureyri | 232 stig |

**Sveitakeppni:**

| | |
|---|---|
| Bergur Jónsson, Jón Valdimarsson og Ólafur Ólafsson RLS/Akureyri | 685 stig |
| Jón Ólason, Bjarni Sigursteinsson og Jónas Ottósson blönduð sveit | 675 stig |
| Ólafur Örvar Ólafsson, Gunnsteinn Hjartarson og Gestur Pálmason Suðurnesjum | 658 stig |

***Jón S. Ólason***



# Evrópumót lögreglumanna *í júdó í Moskvu*

***Mótið fór fram í lok mars sl. í Moskvu. Til mótsins fóru þrír keppendur frá Íslandi, þeir Sigurður Bergmann sem keppti í +100 kg flokki, Bjarni Skúlason sem keppti í -100 kg flokki og Jón Þórisson sem keppti í -90 kg flokki. Með þeim í för voru Gissur Guðmundsson og Óskar Bjartmarz f.h. Íþróttasambands lögreglumanna.***

Jón Þórisson átti fyrstu glímu við Antal Halmagyi frá Ungverjalandi og tapaði hann glímunni. Þar sem Antal tapaði sinni næstu glímu gegn Sergiu Remarenko frá Moldavíu fékk Jón ekki uppreisnarglímu og var þar með úr leik. Bjarni Skúlason keppti við Jamet Marcel frá Þýskalandi og sigraði hann nokkuð létt, næsta glíma var við Alan Ugur frá Tyrklandi sem Bjarni sigraði einnig. Þá var komið að glímu við Daniel Brata frá Rúmeníu sem fékk bronsverðlaun á síðasta Evrópumóti (civil) í júdó. Með sigri hefði Bjarni verið öruggur með að komast á verðlaunapall. Glíma þeirra var nokkuð jöfn og átti Bjarni jafnmikla möguleika á sigri. Undir lok glímunnar þar sem Bjarni var yfir í stigum kom Rúmeninn skyndilega á hann bragði og lagði Bjarna og sigraði þar með. Þar sem Daniel sigraði í næstu glímu komst Bjarni áfram og glímdi næst við Slaby Martin frá Slóvakíu. Sigurvegarinn í þessari glímu var kominn í keppni um þriðja sætið. Bjarni tapaði glímunni og var þar með úr leik.

Árangur okkar manna var mjög viðunandi, sérstaklega Bjarna, en þarna voru þeir að keppa við þrautþjálfaða júdómenn sem margir hverjir skila ekki mikilli vinnu sem lögreglumenn heldur geta einbeitt sér að íþróttinni og eru að vissu leyti atvinnumenn í sinni grein.

*Óskar Bjartmarz*
*formaður ÍSL*

NESDEKK
Fiskislóð 30
Sími 561 4110

Bílahornið hjá Sissa

WWW.FLUTNINGUR.IS
575 3000

SOHO CATERING
ÖRN GARÐARS

Penninn
www.penninn.is

spron
www.spron.is

VGK
Verkfræðistofa

SMITH & NORLAND






# Stuttfréttir:




## *Þing USPE 2006*

Þingið fór fram í Búdapest í Ungverjalandi í október sl. Fulltrúar ÍSL á þinginu voru Óskar Bjartmarz og Guðmundur St. Sigmundsson. Þetta þing var um margt sérstakt því nokkuð mikil eindrægni ríkti á þinginu og í fyrsta skipti urðu hreinskilnar umræður um þátttöku atvinnumanna, þ.e. „lögreglumanna“ sem nánast ekkert eru í vinnu sem lögreglumenn heldur gera lítið annað en að stunda æfingar og keppni í sinni íþrótt. Ekki varð nein niðurstaða í málinu en umræður voru hreinskilar eins og áður sagði og fulltrúar nokkurra landa, s.s. Ungverjalands, Þýskalands og Rússlands lýstu stöðu mála hjá sér.
Annað markvert sem gerðist á þinginu var að mikill Íslandsvinur, Ioannes Karapanagos frá Grikklandi, hætti sem varaforseti sambandsins eftir 10 ár.

## *Stjórnar- og tækninefndarfundur NPIF*

Fundurinn var haldinn í Kaupmannahöfn í janúar sl. Fundinn sóttu af hálfu ÍSL Óskar Bjartmarz og Guðmundur St. Sigmundsson. Aðalefni fundarins var að ræða nýjar íþróttagreinar, framhald samvinnu við Norrænu sakamálabókina og undirbúningur fyrir þing NPIF í maí.

## *Þing NPIF 2007*

Þingið var haldið í Lillehammer í Noregi í maí. Þingið sóttu af hálfu ÍSL þeir Óskar Bjartmarz, Guðmundur St. Sigmundsson og Óskar Sigurpálsson.
Á þinginu var samþykkt að taka inn eina nýja íþróttagrein, sund, og buðust Svíar til að halda fyrsta mótið. Annað mál sem ekki snertir okkur var að vilji Svía og Norðmanna varð til þess að Norðurlandamót í ratleikni yrði haldið á tveggja ára fresti en því var hafnað. Óskar B. var áfram kjörinn í stjórn NPIF og Guðmundur St. í tækninefnd, þar sér hann um tvær íþróttagreinar eins og áður, handknattleik og golf.

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

## Fáskrúðsfjörður

Vöggur ehf.
Grímseyri 11

## Djúpivogur

Salar Islandica ehf
Bakka 1

## Höfn

Bílverk
Víkurbraut 4
Hornabrauð ehf
Dalbraut 10
Kaffi Hornið ehf
Hafnarbraut 42
Mikael ehf.
Norðurbraut 7

## Selfoss

Árborg
Austurvegi 2
Árvirkinn ehf.
Eyravegi 32
Bílaþjónusta Péturs ehf.
Vallholti 17
Borgarhús hf.
Minni-Borg, Grímsnesi
Byggingarfélagið Árborg ehf.
Bankavegi 5
Dýralæknaþjónusta Suðurlands ehf
Stuðlum
Holræsa- og stífluþjónusta
suðurlands ehf.
Miðtúni 14
Hópferðabílar Guðmundar Tyrfingssonar
Fossnesi v/ Suðurlandsveg
Litla kaffistofan ehf
Málflutningsskrifstofan ehf
Austurvegi 6
Nesey ehf.
Suðurbraut 7
Raföld ehf.
Grásteini Ölfusi
S.G. hús hf.
Austurvegi 69
Set ehf.
Eyravegi 41
Sýslumaðurinn á Selfossi
Hörðuvöllum 1
Tindaborgir ehf.
Gagnheiði 55
Vöruflutningar Magnúsar G. Öfjörð
Heimahaga 3
Þingvellir ehf
Valhöll, Þingvöllum

## Hveragerði

Bílaverkstæði Jóhanns Garðarssonar
Austurmörk 13
Tölvutak ehf
Sunnumörk 2

## Þorlákshöfn

Frostfiskur ehf.
Hafnarskeiði 6
Humarvinnslan hf.
Unubakka 42-44
Sveitarfélagið Ölfus
Ráðhúsinu Hafnarbergi 1

## Laugarvatn

Ásvélar ehf.
Hrísholti 11

## Flúðir

Áhaldahúsið Steðji
Smiðjustíg 2
Flúðaleið ehf.
Vesturbrún 15
Flúðasveppir ehf.
Undirheimum
Gröfutækni ehf.
Smiðjustíg 2

## Hella

Rangárþing ytra
Laufskálum 2

## Hvolsvöllur

Eining sf.
Gularási

## Vík

Mýrdalshreppur
Austurvegi 17
Kirkjubæjarklaustur

Skaftárhreppur
Klausturvegi 10
Vestmannaeyjar

Bifreiðaverkstæði Muggs
Strandvegi 65
Bílaverkstæði Sigurjóns
Flötum 20
Eyjavík ehf.
Vestmannabraut 23
Skýlið ehf.
Friðarhöfn
Stígandi hf.
Básaskersbryggju 3


ÍSTAK

HÉÐINN
Stórás 6 • 210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101
www.hedinn.is • hedinn@hedinn.is

Flügger litir

SPORTARINN.is

VÍNBÚÐ

HARÐSKELJADEKK
Minni Mengun • Minni Hávaði • Meira Grip

Starfsmenn lögreglunnar fá 20% afslátt af þjónustu hjá Nesdekk.

TOYO TIRES



HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
SMURSTÖÐ
BFGoodrich TAKE CONTROL
SÍMI: 561 4110
NESDEKK
Fiskislóð 30



Enginn inni í frímínútum
FISKVERKUN KALLA SVEINS EHF
**Höfuðborgarsvæðið:** Smáralind, Kringlan, Bankastræti 5, Faxafen 12, Miðhraun 11 Garðabæ. **Akureyri:** Glerárgata 32. **Keflavík:** Leifsstöð **og söluaðilar um land allt.**
**www.66north.com**
**Klæddu þig vel**
66° NORÐUR